Starfsáætlun
2021-2022

VATNSENDASKÓLI

Efnisyfirlit

Inngangur **6**

Hagnýtar upplýsingar **7**

Skrifstofuþjónusta 8

Húsnæði skólans 8

Upplýsingamiðlun til foreldra 8

Mentor 8

Nesti 9

Myndataka 9

Námsgögn 9

Óskilamunir 9

Forföll nemenda 9

Forföll kennara 10

Leyfi frá skóla 10

Um skólann **6**

Stjórnskipulag **11**

Starfsfólk Vatnsendaskóla 12

Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans **14**

Kennsla **15**

Tilhögun kennslu 15

Teymiskennsla í 1.-9.bekk 15

Markmið Vatnsendaskóla í teymiskennslu 16

Frímínútur 16

Námsmat í Vatnsendaskóla 17

Heimanámsstefna skólans 17

Kennsluáætlanir 17

Nemendur **18**

Fjöldi nemenda í árgangi og nöfn umsjónarkennara 18

Starfsáætlun nemenda 19

Skóladagur nemenda 20

Viðmiðunarstundatafla 23

Helstu viðburðir skólaársins 23

Nemenda- og foreldraviðtöl 24

Skólabúðir 24

Vettvangsferðir 24

Samstarf við leikskóla 25

Valgreinar **26**

Skólabragur & skólareglur **33**

Skólareglur Vatnsendaskóla 33

Uppeldi til ábyrgðar 37

Spjaldakerfi – Jákvæð hegðun 39

Vinaliðar í útivist 40

Verkfærakistan 41

Vinátta – Verkefni Barnaheilla (Blær) 41

Nefndir og ráð skólans **42**

Skólaráð 42

Nemendaráð Vatnsendaskóla og Dimmu 43

Ungmennaráð 44

Réttindaráð 44

Foreldrasamstarf **45**

Samstarf heimila og skóla 45

Tölvupóstur og símtöl 45

Foreldrafélag Vatnsendaskóla 46

Bekkjarfulltrúar 47

Foreldrarölt 47

Bekkjarskemmtanir 47

Námsvefur Vatnsendaskóla 47

Mat á skólastarfi 48

Innra mat 48

Umbótaáætlun skólaárið 2021-2022 50

Stoðþjónusta 55

Nemendaverndarráð 56

Umsókn um stoðþjónustu 56

Stuðningsfulltrúar 56

Þroskaþjálfar 56

Skólahjúkrun 56

Sálfræðiþjónusta 57

Náms- og starfsráðgjöf 57

Talmeinafræðingur 58

Önnur sérfræðiþjónusta frá Menntasviði Kópavogs 58

Tómstundastarf 59

Félagsmiðstöðin Dimma 59

Stjörnuheimar og klúbbastarf 60

Skák 60

Tónlistarskólar 60

Skólakór 61

Símenntunaráætlun 62

Teymi innan skólans 64

Áætlanir 65

Viðbragðsáætlun Vatnsendaskóla vegna inflúensufaraldurs 65

Viðbrögð við vá 65

Jafnréttisáætlun Vatnsendaskóla 66

Eineltisáætlun 69

Áfallaáætlun 69

Skólaakstur og skólamáltíðir 71

Skólaakstur 71

Mötuneyti 71

Inngangur

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri og aðrir stjórnendur er ábyrgir fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Starfsáætlun Vatnsendaskóla er upplýsingarit um starfsemi skólans. Hún er hluti af skólanámskrá skólans. Í starfsáætluninni koma fram helstu viðburðir, áherslur og markmið í skólastarfinu í vetur. Í henni koma einnig fram þær venjur, siðir og reglur sem ríkja í skólanum. Starfsáætlunin er birt á pdf-formi á heimasíðu skólans.

Um skólann

Vatnsendaskóli tók til starfa haustið 2005 og var Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri. Fyrsta veturinn var ein kennsluálma tilbúin til notkunar og 122 nemendur í skólanum í 1. til 6. bekk. Önnur kennsluálma og verkgreinahús bættist við haustið 2006 og unglingaálman var tekin í notkun á þriggja ára afmæli skólans haustið 2008. Á sama tíma var skrifstofuhúsnæði, bókasafn og mötuneyti opnað. Síðasta byggingaáfanganum lauk með vígslu samkomusalar 26. janúar 2012. Haustið 2013 var svo tveimur lausum kennslustofum, Holti og Mýri, bætt á skólalóðina. Vorið 2016 hófust framkvæmdir við íþróttahús en í þeirri byggingu eru einnig fjórar kennslustofur sem voru teknar í notkun haustið 2017. Íþróttahúsið var vígt 11. maí 2018.

Vatnsendaskóli stendur við Elliðavatn í fallegu umhverfi. Góðar forsendur eru fyrir hendi að tengja skólastarfið við umhverfið með virkum hætti. Göngustígur liggur frá skólanum niður að vatninu og tengist stígakerfi sem opnar leið að fjölbreyttum náttúru- og útivistarsvæðum. Tvær sérhannaðar náttúrufræði- og raungreinastofur eru í skólanum.

Skólaárið 2021-2022 eru 578 nemendur Í Vatnsendaskóla og tæplega 90 starfsmenn, ýmist í hluta- eða fullu starfi. Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám eru leiðarljós skólans. Skólastjóri Vatnsendaskóla er María Jónsdóttir og tók hún við starfinu vorið 2020.

Hagnýtar upplýsingar

Vatnsendaskóli, Funahvarfi 2, 203 Kópavogur

Símanúmer skólans: 441 4000

Símanúmer Stjörnuheima (frístund): 621 4170

Skólastjóri: María Jónsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Ingunn Huld Kristófersdóttir

Deildarstjóri eldra stigs (7.-10.bekkur): Jóhanna Rakel Sveinbjörnsdóttir

Deildarstjóri yngra stigs (1.-6.bekkur): Sigrún Brynjólfsdóttir

Forstöðumaður Stjörnuheima: Ari Magnús Þorgeirsson

Forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Dimmu: Sunna Rut Garðarssóttir

Húsvörður: Hafsteinn Haraldsson

Heimasíða Vatnsendaskóla hefur vefslóðina www.vatnsendaskoli.is. Þar má finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal, fréttir, ýmsar áætlanir, eyðublöð, myndir úr skólastarfi birtast á Mentor.

Skrifstofuþjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá klukkan 08:00– 15:00 mánudaga til fimmtudaga og föstudaga frá klukkan 08:00 – 14:00. Ritari skólans er Kristín Helgadóttir.

Öll eyðublöð skólans má nálgast hjá ritara og almenn eyðublöð má einnig nálgast á heimasíðu skólans, s.s. nýskráningu nemenda og umsókn foreldra um leyfi fyrir barn sitt.

Húsnæði skólans

Húsnæði Vatnsendaskóla stendur við Funahvarf 2 í Kópavogi og samanstendur af fjórum álmum, tveimur lausum kennslustofum og Íþróttahúsi sem er samnýtt með Gerplu. Hver árgangur hefur a.m.k þrjár kennslustofur til afnota ásamt verk- og listgreinastofum. Sundkennsla fer fram í Versölum (Salalaug) og Boðaþingi (Hrafnistu).

Umsóknir fyrir mataráskrift og frístund fara fram á íbúagátt Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is.

Upplýsingamiðlun til foreldra

Á heimasíðu skólans og námsvef Vatnsendaskóla, er miðlað því helsta sem er á döfinni hverju sinni og þar er einnig að finna upplýsingar um skipulag skólaársins. Vatnsendaskóli er með fésbókarsíðu sem einnig er nýtt til upplýsingagjafar. Kennarar setja vikulega vikupósta á Mentor þar sem fram kemur hvað gert hefur verið í skólanum s.l. viku og hvað er á döfinni þá næstu. Stjórnendur senda fréttabréf einu sinni í mánuði til foreldra með upplýsingum er varðar skólastarfið.

Mentor

Allar upplýsingar um hæfnikort, námsmat, heimanám (8.-10.bekkur) o.fl. eru birtar á Mentor þar sem þær eru uppfærðar reglulega af umsjónarkennara og öðrum kennurum sem kenna nemandanum. Umsjónarkennari sendir foreldrum vikulega helstu upplýsingar um skólastarfið og það sem framundan í gegnum Mentor. Notast er við dagbókarfærslur í mentor sem atvikaskráningu vegna einstakra mála, sjá nánar í kafla um skólareglur. Frekari upplýsingar um einstaka mál nemenda eru veittar eftir þörfum á fundum, með tölvupósti eða í gegnum síma.

Nesti

Vatnsendaskóli leggur áherslu á að nemendur komi með hollt og gott nesti og leggur áherslu á fjölnota umbúðir. Þeir nemendur sem kjósa að koma með einnota umbúðir taka þær með sér heim að loknum skóladegi til förgunar. Nemendur sem koma með nesti að heiman geta nýtt sér örbylgjuofna og samlokugrill í matsal. Vatnsendaskóli er hnetu- og möndlulaus skóli.

Myndataka

Árlega er myndataka í 1., 4., 7. og 10. árgöngum. Þá er tekin árgangamynd og einstaklingsmynd fyrir Mentor. Foreldrum/forráðamönnum gefst tækifæri til að kaupa árganga- og einstaklingsmyndir í gegnum ljósmyndara hverju sinni. Myndtaka fyrir skólaárið 2021-2022 verður 12. og 13. október 2021

Námsgögn

Vatnsendaskóli fær árleg úthlutað ákveðnum kvóta til kaupa á námsbókum og öðru efni sem ætlað er til náms og kennslu. Skólabækur eru flestar lánsbækur sem er skilað við lok skólaárs að undanskildum verkefnabókum sem nemendur vinna í. Ritföng, stílabækur, blöð og annað efni sem þarf til vinnu í skólanum sér skólinn um. Nemendur fá ákveðið magn af ritföngum sem á að duga út skóalárið. Ef ritföng duga ekki út skólaárið ber foreldum að útvega börnum sínum ritföng.

Nemendur í 5.-10. árgöngum fá til afnota spjaldtölvur og er hægt að nálgast allar upplýsingar um spjaldtölvurnar á slóðinni: http://spjaldtolvur.kopavogur.is/

Óskilamunir

Húsvörður og skólaliðar halda óskilamunum til haga. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að merkja allan fatnað og muni sem nota á í skólanum. Óskilamunir sem ekki eru sóttir fyrir 15. júní ár hvert eru gefnir hjálparstofnunum.

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf hvers skóladags til ritara í síma 441 4000 eða í gegnum www.mentor.is

Forföll kennara

Þegar kennarar veikjast er reynt eftir mætti að fá forfallakennara. Takist það ekki getur komið upp sú staða að fella verði niður kennslu og nemendur sendir heim.

Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við umsjónarkennara. Sé um lengri tíma að ræða en einn dag skal sækja skriflega um leyfi hjá skólastjórnendum. Eyðublöð um leyfisbeiðni má nálgast á skrifstofu eða á heimasíðu skólans. https://vatnsendaskoli.is/eydublod/

Það er á ábyrgð foreldra að sjá til þess að nemandi vinni upp það sem hann kann að missa úr vegna leyfis.

> ***Í 15. grein laga um grunnskóla nr. 91 frá 2008 segir:*** *"Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Öll röskun á námi nemandans, sem hlýst af umbeðnu leyfi, er á ábyrgð foreldra eða forráðamanns og skulu þau sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.*

Stjórnskipulag



Skólastjóri ber ábyrgð á öllu skólastarfi í Vatnsendaskóla samkvæmt grunnskólalögum. Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri menntasviðs Kópavogs. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Undir stoðkerfi skólans falla sérkennarar, þroskaþjálfar, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og talmeinafræðingur.

Starfsfólk Vatnsendaskóla

Við Vatnsendaskóla starfa 90 starfsmenn ýmist í hluta- eða fullu starfi. Þeir eru stjórnendur (skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri yngra stigs og deildarstjóri eldra stigs), kennarar, sérkennarar, þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar, námsráðgjafi, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, ritari, húsvörður og skólaliðar.

Nafn	Starf
Agnes Björk Helgadóttir	Leiðbeinandi
Alfreð Gústaf Maríusson	Matráðsmaður
Aníta Björk Helgadóttir	Sérkennari
Anna Reynarsdóttir	Kennari
Ari Magnús Þorgeirsson	Forstöðumaður Stjörnuheima
Atli Jóhannsson	Kennari
Auður Sveinbjörg Jóhannsdóttir	Hjúkrunnarfræðingur
Ágúst Geir Torfason	Frístundaleiðbeinandi
Álfheiður Ingimarsdóttir	Sérkennari
Álfrún Ýr Björnsdóttir	Umsjónakennari
Árni Brynjólfsson	Íþróttakennari
Árný Sigríður Sveinsdóttir	Kennari
Ásdís Björk Jónsdóttir	Kennari
Ásta Ingunn Sævarsdóttir	Kennari
Ásta Ísafold Manfreðsdóttir	Skólaliði
Birna Aldís Fernández	Íþróttakennari
Blær Hinriksson	Frístundaleiðbeinandi
Bóas Valdórsson	Sálfræðingur
Daníel Finns Matthíasson	Frístundaleiðbeinandi
Dovilé Petkuté	Skólaliði
Einar Eysteinsson	Bókasafn
Einar Ólafsson	Stundakennari
Elina Vecvagare	Skólaliði
Elín Anna Steinarsdóttir	Stundakennari
Elsa Rut Óðinsdóttir	Kennari
Ernir Bjarnason	Frístundaleiðbeinandi
Esther Marie Stafford	Skólaliði
Eydís Bergmann Eyþórsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðbjörg Fjóla Hannesdóttir	Alm.Starfsmað
Guðleif Margrét Þórðardóttir	Alm.Starfsmaður
Guðrún Linda Valbjörnsdóttir	Alm.Starfsmaður
Guðrún Svava Þrastardóttir	Námsráðgjafi
Guðrún Vala Ólafsdóttir	Kennari
Hafsteinn Gunnar Haraldsson	Húsvörður
Hanan Salim Wahba	Alm.Starfsmaður

Heiða Björk Egilsdóttir	Kennari
Hulda Björg Óladóttir	Hjúkrunarfræðingur
Hulda Kristín Haraldsdóttir	Kennari
Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir	Kennari
Ingibjörg Erla Garðarsdóttir	Alm.Starfsmaður
Ingunn Huld Kristófersdóttir	Skólastjórnandi
Ína Kristín Bjarnadóttir	Alm.Starfsmaður
Íris Elíasdóttir	Kennari
Jóhanna Bryndís Þórisdóttir	Kennari
Jóhanna Rakel Sveinbjörnsdóttir	Skólastjórnandi
Jónína Ágústsdóttir	Kennari
Jónína Wilkins	Kennari
Karen Björk Jóhannsdóttir	Frístundaleiðbeinandi
Kjartan Ólafsson	Kennari
Klara Sigurmundadóttir	Kennari
Kristín Helga Einarsdóttir	Kennari
Kristín Helgadóttir	Ritari
Kristín Pétursdóttir	Kennari
Kristín Sesselja Einarsdóttir	Alm.Starfsmaður
Lovísa Hannesdóttir	Kennari
Margrét Jóhannsdóttir	Kennari
Margrét Jóna Jónsdóttir	Þroskaþjálfi
María Arnardóttir	Frístundarleiðbeinandi
María Ásmundsdóttir	Sérkennari
María Jónsdóttir	Skólastjórnandi
Nanna Kristín Skúladóttir	Kennari
Nína Hrönn Guðmundsdóttir	Kennari
Ragnar Hilmarsson	Kennari
Ragnheiður Jóna L. Aðalsteinsdóttir	Kennari
Rakel Fjeldsted Jóhannesdóttir	Kennari
Sara Ósk Wheeley	stundakennari
Sara Sædal Andrésdóttir	Kennari
Sesselja Konráðsdóttir	Kennari
Signý Gunnarsdóttir	Talkennari
Sigríður Elsa Vilmundardóttir	Kennari
Sigríður Hjartardóttir	Kennari
Sigríður Pálmarsdóttir	Kennari
Sigríður Sturludóttir	Kennari
Sigrún Brynjólfsdóttir	Skólastjórnandi
Sigurborg Birgisdóttir	Kennari
Sigurveig Hermannsdóttir	Kennari
Sjöfn Steinsen	Leiðbeinandi
Smári Þorbjörnsson	Kennari
Snjezana Pjevic	Alm.Starfsmaður
Sólborg Ýr Sigurðardóttir	Kennari

Sóley Ásta Karlsdóttir	Kennari
Sóley Kristmundsdóttir	Kennari
Sólveig Lára Kjærnested	Kennari
Steinunn Björg Birgisdóttir	Kennari
Sunna Rut Garðarsdóttir	Forstöðumaður Dimmu
Svandís Halldórsdóttir	Kennari
Theódór Aldar Tómasson	Kennari
Tinna Björk Baldvinsdóttir	Sálfræðingur
Veiga Dís Hansdóttir	Leiðbeinandi
Vladislava Karpova	Alm.Starfsmaður
Þórunn Soffía Snæhólm	Alm.Starfsmaður

Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans

Samkvæmt skóladagatali, sem finna má á heimasíðu skólans, eru skóladagar nemenda 180 þar af eru 9 skertir skóladagar. Skertir dagar eru þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur, viðtalsdagar, jólasveinaleikar, jólaskemmtunar, öskudagur og tveir útivistardagar og skólaslit. Kennsla fellur niður í jólaleyfi nemenda sem er frá 21. desember til og með 2. janúar. Vetrarleyfi er 25. og 26. október og 17. og 18. febrúar. Páskaleyfi er 4.-18.apríl. Einnig eru fimm skipulagsdagar á skólatíma nemenda það er 15. október, 18. nóvember (frístund lokuð), 3. janúar, 16. mars og 16. maí (frístund lokuð). Foreldraviðtalsdagar fyrir 1.-10. bekk er dagana 1.-11. nóvember, 24.janúar-4.febrúar fyrir 8.-10. bekk og fyrir 1.-7. bekk dagana 7.-11.febrúar. Samþykkt skóladagatal fylgir hér með.

Skóladagatal Vatnsendaskóla

Kennsla

Tilhögun kennslu

Í Vatnsendaskóla er lögð rík áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Sjá heimasíðu og námsvef Vatnsendaskóla.

Áhersla er lögð á umhverfis-, rannsóknar- og vettvangsnám. Gildi skólanámskrár byggjast á virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi skólastarfi. Sérstök áhersla er lögð á náttúrufræði og raungreinar og útikennsla er ríkur þáttur í skólastarfinu þar sem skólinn er staðsettur í fallegu umhverfi við Elliðavatn.

Teymiskennsla í 1. – 9. bekk

Í Vatnsendaskóla er litið á hvern árgang sem eina heild. Í 1.- 9. árgangi eru þrír til fjórir umsjónarkennarar í hverjum árgangi sem fara með sameiginlega umsjón. Hver árgangur á netfang sem foreldrar geta haft samband við kennarateymi (ártalárgangs)@vatnsendaskoli.is. Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda. Þetta fyrirkomulag stuðlar að sveigjanleika og býður upp á möguleika að breyta hópum í samræmi við viðfangsefni og aukna teymiskennslu þar sem það á við. Þannig nýtist styrkur og hæfni starfsfólks nemendum. Nemendum árganga er skipt í mismunandi hópa og lögð er áhersla á að nemendur í sama árgangi kynnist vel og fái tækifæri til að vinna saman. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda, auka samkennd og þjálfa nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að fjölbreyttum verkefnum. Þannig læra nemendur að taka tillit til þarfa hvers annars og verða hæfari til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Ýmsar leiðir eru færar til að þjálfa nemendur í þessum þáttum en farsælast teljum við að starfið í skólanum bjóði upp á það mikla samvinnu nemenda að þeir þjálfist í þessum þætti í gegnum raunveruleg viðfangsefni. Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn í stefnu skólans. Kennsluáætlanir birtast á <u>námsvef skólans</u> sem er á heimsíðu Vatnsendaskóla og eru aðgengilegar foreldrum. Kennarar birta kennsluáætlun a.m.k. 4.-6 vikur fram í tímann.

Í foreldraviðtölum í nóvember og janúar/febrúar bóka foreldrar viðtöl í gegnum mentor og geta valið hjá hvaða umsjónarkennara þeir fara í viðtal. Hver kennara tekur 1/3 nemenda í viðtal.

Hver árgangur hefur þrjú kennslusvæði. Árganginum er skipt í hópa eftir markmiðum og viðfangsefnum hverju sinni. Umsjónarkennarar gæta að því að hafa skiptingar skýrar og aðgengilegar fyrir nemendur svo þeir upplifi öryggi

Markmið Vatnsendaskóla í teymiskennslu

- Að skapa heildstæða kennslu fyrir nemendur og litið sé á árganginn sem einn bekk, í stað stakra bekkjardeilda
- Að efla fjölbreytni í kennsluháttum
- Að bæta samvinnu og samskipti nemenda
- Að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir sem leið til einstaklingsmiðaðs náms
- Að auka við hlutbundna vinnu nemenda og að vinna nemenda sé stýrð af markmiðum aðalnámskrá frekar en að námsbækur stýri vinnu nemenda
- Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu.

Sprettur á elsta stigi

Sprettur er hugtak sem nær yfir samþættingu námsgreina; samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni og íslensku. Sprettur byggir á því að auka vitund nemenda á eigin námi og gera þá enn meðvitaðri um þróun þess. Með breyttum áherslum er leitast við að gera markmið námsins skýrari og að nemendur séu meðvitaðri um hvað sé framundan og hvers sé ætlast til af þeim í fyrirliggjandi vinnu. Nemendur vinna í lotum þar sem áhersla er á einstaklings- og hópamiðaða vinnu. Það fyrirkomulag býður upp á aukin tækifæri fyrir nemendur á að nýta eigin styrkleika, sér og öðrum til framdráttar.

Frímínútur

Ætlast er til að allir nemendur 1. - 7. árganga fari út í allar frímínútur. Undantekningar eru eftirfarandi:

- Nemandi hefur verið lasinn og foreldri óskar skriflega eftir leyfi til inniveru í frímínútum.
- Kennari hefur leyfi til að láta nemanda vera inni ef sérstakar ástæður krefjast, s.s. vegna skyndilegra veikinda eða slyss, áreitni eða verkefnaskyldu, en þá á ábyrgð kennara og í samvinnu við skólaliða.
- Mjög vont veður.
- Ef nemandi er inni í útivist bíður hann á skrifstofu skólans.

Námsmat í Vatnsendaskóla

Á heimasíðu Vatnsendaskóla má finna námsmatsstefnu skólans.

Námsmatsstefna Vatnsendaskóla

Heimanámsstefna skólans

Vatnsendaskóli leggur áherslu á mikilvægi heimanáms sem í upphafi skólagöngu felst aðallega í aukinni þjálfun í lestri. Sjá nánar lestrastefnu Vatnsendaskóla.

Hvert árgangateymi eða greinakennarar sjá um skipulag á yfirferð námsefnisins og ákveður það efni sem vinna skal heima. Alltaf er tekið tillit til þeirra einstaklinga sem eru hægir í vinnubrögðum og heimanámið aðlagað þeim sérstaklega í samráði við foreldra. Á elsta- og miðstigi birtist heimanám á Mentor. Á yngsta,- og mið stigi kemur heimanám fram í vikupósti kennarateymis.

Foreldrum er bent á að hafa samband við viðkomandi kennarateymi ef þeir telja heimanám of mikið eða of lítið hjá sínu barni.

Kennsluáætlanir

Á námsvef skólans er hægt að nálgast kennsluáætlanir í öllum greinum sem kenndar eru við skólann. Í kennsluáætlunum kemur fram námsaðlögun fyrir allar nemendur. Námsvefur

Nemendur

Skólaárið 2021-2022 eru 576 nemendur með 31 umsjónarkennara í Vatnsendaskóla; 318 drengir og 251 stúlkur. Umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendum árgangsins í 1.- 9. bekk. Í 10. bekk fara umsjónarkennarar með umsjón yfir ákveðnum hóp nemenda.

Fjöldi nemenda í árgangi og nöfn umsjónarkennara

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.Blálilja	19	27	46	Ásta Sævarsdóttir, Nanna Kristín Skúladóttir, Sjöfn Steinsen
2. Blástjarna	23	23	46	Lovísa Hannesdóttir, Sigurveig Hermannsdóttir, Sigríður Pálmarsdóttir
3. Blágresi	26	24	50	Elsa Rut Óðinsdóttir, Íris Elíasdóttir, Svandís Halldórsdóttir
4. bláklukka	37	22	59	Hulda Kristín Haraldsdóttir, Jónína Ágústsdóttir, Sólborg Ýr Sigurðardóttir
5. Glitrós	23	42	65	Álfrún Ýr Björnsdóttir, Sólveig Lára Kjærnested, Heiða Björk Egilsdóttir
6. Eyrarrós	43	23	66	Ingibjörg Bjarnadóttir, Sara Sædal Andrésdóttir, Sigríður Sturludóttir
7. Engjarós	39	24	63	Kristín Helga Einarsdóttir, Jóhanna Bryndís Þórisdóttir, Rakel Fjeldsted Jóhannesdóttir, Sóley Ásta Karlsdóttir
8.bekkur	37	23	60	Anna Reynarsdóttir, Sigríður Elsa Vilmundardóttir, Ásdís Björk Jónsdóttir
9. bekkur	37	25	62	Agnes Björk Helgadóttir, Theodór Aldar Tómasson, Kristín Pétursdóttir
10.bekkur	35	23	58	Ragnar Hilmarsson, Atli Jóhannsson, Smári Þorbjörnsson
Samtals:	318	251	576	

Starfsáætlun nemenda

Fjöldi kennslustunda:

- 1.– 4. bekkur 30 kennslustundir á viku
- 5. – 7. bekkur 35 kennslustundir á viku
- 8.-10. bekkur 37 kennslustundir á viku

Í 1. – 4. bekk eru viðfangsefnin meðal annars íslenska, stærðfræði, lífsleikni, enska, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingatækni, smíði, heimilisfræði, textílmennt, myndmennt og tónmennt. Unnið er eftir hugmyndafræði teymiskennslu, sjá nánar í kafla um teymiskennslu. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar eru á yngsta stigi og eru þeir ýmist til aðstoðar inni í árgöngum eða taka minni hópa með sér í námsver eða á önnur kennslusvæði.

Í 5. – 7. bekk eru viðfangsefnin íslenska, enska, stærðfræði, danska, lífsleikni, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingamennt, smíði, heimilisfræði, textílmennt, myndmennt og tónmennt. Kennarar hafa val um að samþætta námsgreinar í ákveðnum lotum og er það aðallega gert í samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku. Unnið er eftir hugmyndafræði um teymiskennslu, sjá nánar í kafla um teymiskennslu. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar eru á miðstigi og eru þeir ýmist til aðstoðar inni í árgöngum eða taka minni hópa með sér í námsver eða á önnur kennslusvæði.

Í 8. – 10. bekk er greinaskipt kennsla í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku og list- og verkgreinum. Samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni, íslenska að hluta til og bundið val er samþætt undir hugtakinu sprettur. Umsjónartími er ein kennslustund í viku og er flokkast sem hluti af bundnu vali. Nánari upplýsingar um sprettinn má finna í kaflanum um kennslu. Nemendur fá stundatöflu þar sem tímar eru merktir inn á töfluna. Að auki eru nemendur með valtíma í töflu. Sérkennarar eru á unglingastigi og vinna þeir með minni hópa í námsveri.

Skóladagur nemenda

1. – 4. árgangur

07:45	Skólinn opnaður
8:10 -09:50	Vinnulota
09:50-10:10	Útivist
10:10-11:30	Vinnulota
11:30-11:50 11:50-12:10	Matur 1. og 2. bekkur / Vinnulota 3. og 4. bekkur Matur 3. og 4. bekkur / Vinnulota 1. og 2. bekkur
12:10-12:40	Útivist
12:40-13:20	Vinnulota
13:20 -17:00	Frístund skólans opin

5. – 7. árgangar

07:45	Skólinn opnaður
8:10 – 09:30	Vinnulota
9:30-9:50	Útivist
9:50-11:10/11:30	Vinnulota
11:10-11:30 12:10-12:30	Matur 5. og 6. bekkur Matur 7. bekkur
11:30-12:00	Útivist
12:00-14:00	Vinnulota

8. – 10. árgangar

07:45	Skólinn opnaður
8:10/8:30/8:50-9:30	Vinnulota
09:35-10:15	Vinnulota
10:15-10:35	Frímínútur – nesti
10:35-11:35	Vinnulota
11:35-11:40	Frímínútur
11:40-12:40	Vinnulota (ýmist í 40 eða 60 mínútur).
12:40-13:10	Matur
13:10-14:10	Vinnulota (ýmist í 40 eða 60 mínútur).
14:10-14:15	Frímínútur
14:20-15:00 15:00-15:40 15:40-16:20	Vinnulota - Kennsla valgreina er á mánudögum og fimmtudögum.

Viðmiðunarstundatafla

Viðmiðunarstundaskrá	1.árgangur	2.árgangur	3.árgangur	4.árgangur	5.árgangur	6.árgangur	7.árgangur	8.árgangur	9.árgangur	10.árgangur
	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku	Kest. á viku
Íslenska	7	7	7	7	7	7	7	5,5	5,5	5,5
Erlend tungumál	1	1	1	1	3	3	5	7	7	7
List- og verkgreinar	4	4	5	5	5	5	5	2,8	1,8	1,8
Náttúrugreinar	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Skólaíþróttir	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Samfélagsfræðigr.	3	3	3	3	4	4	3	3	3	3
Stærðfræði	5	5	5	5	6	6	6	5,5	5,5	5,5
Upplýsinga- og tæknim.	2	2	2	2	2	2	2	2,2	2,2	2,2
Val	2	2	1	1	2	2	1	5	6	6
Samtals	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

Helstu viðburðir skólaársins

- 24. ágúst - skólasetning.
- Námskynningar í 1.-10 bekk eru á námsvef Vatnsendaskóla vegna Covid. Kynningar birtar á vef 10.september
- 24. september - réttarferð – 3. bekkjar. Fara í Húsdýragarðinn vegna Covid.
- Fræðslufundur fyrir foreldra nemenda í 5. bekk verður 13. október
- Fræðslufundur fyrir foreldra nemenda í 8. bekk 20. október
- 15. október – skipulagsdagur – frístund lokuð.
- Fræðslufundur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk verður 18. október
- Fræðslufundur fyrir foreldra nemenda í 8. bekk verður 20. október
- 25. og 26. október - vetrarfrí.
- 8.-12. nóvember - Uglulestrarátak sem lýkur með uppskeruhátíð í tilefni af degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember.
- 1.-11. nóvember - foreldra og nemendaviðtöl fyrir 1.-10.bekk eftir kennslu.
- 18. nóvember – skipulagsdagur - frístund lokuð.
- 20. nóvember - dagur mannréttinda barna
- Fyrstu vikuna í desember - 2. bekkur fer að Mógilsá og heggur jólatré
- 1.desember - fullveldisdagur
- 3. desember - skreytingardagur.

- 15. desember - jólasveinaleikar í íþróttahúsinu (óhefðbundnir íþróttaleikir).
- 20. desember – jólaskemmtanir 1.-10. bekkur.
- 3. janúar – skipulagsdagur.

  24. janúar-4.febrúar - foreldra og nemendaviðtöl eftir kennslu 8.-10.bekkur eftir kennslu.
- 7.-11.febrúar - foreldra og nemendaviðtöl eftir kennslu 1.-7.bekkur eftir kennslu.
- 17. og 18. febrúar - vetrarfrí.
- 2.mars – öskudagshátíð - skertur dagur.

  16. mars - skipulagsdagur.
- 23. og 24.mars - þemadagar.
- 4.-18. apríl – páskaleyfi.
- 1. apríl – Blár apríl.
- 2.-12. maí – lestrarsprettur.
- 16. maí - skipulagsdagur – frístund lokuð.
- 1.-2. júní - Vordagar í Vatnsendaskóla - skertir skóladagar.
- 2. júní – skólaslit 10. bekkur.
- 3. júní – skólaslit 1.-9. bekkur.

Nemenda- og foreldraviðtöl

Gott samstarf heimila og skóla leggur grunn að farsælli skólagöngu nemenda. Hefðbundin nemenda- og foreldraviðtöl eru tvisvar yfir skólaárið, í nóvember (1.-10. bekkur), janúar (8.-10. bekkur, eftir kennslu) og í mars (1.-7. bekkur, eftir kennslu). Kennarar boða foreldra til viðtala að auki ef þurfa þykir.

Skólabúðir

7. bekkur fer árlega í Skólabúðirnar að Reykjum og 9. bekkur fer sömuleiðis í Skólabúðir á Laugarvatni.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðum er fléttað inn í skólastarfið í flestum árgöngum. Nemendur 3. bekkja fara t.d. í réttarferð á haustin. Nemendur 5. bekkja fara í gróðursetningaferð á vorin í samstarfi við

Skógræktarfélag Kópavogs. 10. bekkur fer í útskriftarferð að vori en hún er skipulögð af foreldrum.

Fleiri ferðir eru fyrirhugaðar í vetur í öllum árgöngum skólans.

Samstarf við leikskóla

Í skólahverfinu eru tveir leikskólar, Aðalþing og Sólhvörf. Samstarf er milli þessara skóla og Vatnsendaskóla á ýmsum sviðum þar sem markvisst er unnið að því að gera börnum auðvelt að fara úr leikskólunum í Vatnsendaskóla. Elstu börn leikskólanna heimsækja Vatnsendaskóla nokkrum sinnum yfir veturinn og taka þátt í ýmsum viðburðum. Í maí er haldinn vorskóli fyrir verðandi nemendur Vatnsendaskóla. Þá koma nemendur og foreldra á tveggja tíma námskeið. Foreldrar fá fræðslu um skólastarf Vatnsendaskóla og nemendur fá að fara í kennslustund.

Frístund Vatnsendaskóla, Stjörnuheimar, er með sumardvöl fyrir verðandi nemendur skólans í tvær vikur fyrir skólasetningu. Þetta gerir skólabyrjun 1. árgangsins í Vatnsendaskóla auðveldari þar sem börnin læra að þekkja skólahúsnæðið, skólalóðina og starfsfólkið í frístundinni.

Valgreinar

Nemendur í 8. og 9. bekk bekk velja 5 kennslustundir í vali og eru með 2 kennslustundir í bundnu vali (umsjónartími og sprettur). Nemendur í 10. bekk velja 7 kennslustundir og þar verða þau að velja eina listgrein og eina verkgrein. Nemendur geta að hámarki fengið 4 kennslustundir í afslátt. Hægt er að fá íþróttaiðkun og/eða annað nám metið sem valgrein. Ef nemendur stunda nám utan skóla jafngildir tveggja klukkustunda nám einni kennslustund í vali. Athugið að nemendur velja bæði fyrir haust- og vorönn. Af gefnu tilefni er vert að taka fram að vinna nemenda telst ekki sem val utan skóla. Valgreinar falla niður ef ekki næg þátttaka næst. Lágmarksfjöldi í hóp er 10-12 nemendur.

Haustönn: 30. ágúst 2021- 14. janúar 2022

Vorönn : 17. janúar 2022 - 31. maí 2022

Valgreinar skólaárið 2021-2022:

Aðstoðarkennarinn 1t (8., 9. og 10. bekkur)

Valið í samráði við deildarstjóra. Nemandi fer inn í kennslustund á yngsta stigi og aðstoðar nemendur undir leiðsögn kennara. Verkefni gætu t.d. verið að aðstoða við lestur, að aðstoða í hópavinnu, að spila við nemendur, að ræða við þau um hina ýmsu félagsfærni og hjálpa þeim við að leysa út hinum ýmsu verkefnum sem koma upp yfir daginn.Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði. Hefst í október.

Bakstursval 2t (10. bekkur)

Í bakstursvali er unnið með alls kyns bakstur, brauð, kökur og fleira. Mismunandi aðferðir verða kenndar og nemendur læra að meðhöndla mismunandi deig.

Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, hreinlæti og samvinnu nemenda.

Námsmat: Símat þar sem metin verða vinnubrögð, samvinna, sjálfstæði og síðast en ekki síst frágang á sínu vinnusvæði.

Bolta- og spaðaíþróttir 1t (8., 9. og 10. bekkur)

Í þessu vali verður farið í fótbolta, körfubolta, handbolta, blak , badminton og borðtennis. Áhersla á að nemendur upplifi bolta- og spaðaíþróttir á jákvæðan hátt. Hvetji til áframhaldandi hreyfingar þar sem aukin hreyfing bætir lífsgæði fólks. Námsmat er lokið eða ólokið, þar af leiðandi skiptir mæting og virkni í tímum miklu máli. Markmið: Að nemendur auki færni sína í boltaíþróttum, spaðaíþróttum og læri leikreglur. Fatnaður: Íþróttaföt og íþróttaskór.

Borðspilaval 1t (8., 9. og 10. bekkur)

Spiluð verða ýmis borðspil og stokkaspil með nemendum, t.d. ýmis stokkaspil, King of Tokyo, Varúlfur, Dixit, Catan, Krafla/scrabble, Bezzerwizzer, Alias, Monopoly, Heilaspuni og e.t.v. fleiri spil sem nemendur hafa áhuga á og koma jafnvel með að heiman.

Einkaþjálfun 1t (8., 9. og 10. bekkur)

Valáfangi fyrir alla þá sem hafa áhuga á að kynnast fjölbreyttri nálgun á hreyfingu og heilbrigðum lífsstíl. Í þessum áfanga munu nemendur læra undirstöðuatriði lyftinga ásamt því að fara yfir mikilvægi þess að beita líkamanum á réttan hátt þegar kemur að lyftingum. Einnig verður farið yfir mikilvægi hreyfingar og hollt mataræði skoðað. Reynt verður að fara í heimsókn í mismunandi líkamsstöðvar nokkrum sinnum yfir tímabilið og því má gera ráð fyrir að kennt verður í lengri lotum.

Námsmat: Virkni og frammistaða nemenda í tímum.

Eldað og bakað frá framandi löndum 3t (10.bekkur)

Í valáfanganum eldað og bakað frá framandi löndum verður áhersla lögð á matseld, gerbakstur, kökur og eftirrétti. Í lok tímans borða nemendur saman afraksturinn eða taka hann með sér heim. Nemendur kynna sér framandi menningarheima og matarmenningu mismunandi landa.

Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, hreinlæti og samvinnu nemenda.

Námsmat: Símat þar sem metin verða vinnubrögð, samvinna, sjálfstæði og síðast en ekki síst frágang á sínu vinnusvæði.

Erasmus verkefnið The final countdown 1t (8. bekkur)

Erasmus verkefni Eco thinking for Eco living 1t (9. og 10. bekkur)

Frisbígolf 1t (8., 9. og 10. bekkur)

Áfanginn verður aðallega kenndur utandyra. Tímarnir fara fram á frisbígolfvöllum í nágrenni skólans (Guðmundarlundi, Dalvegi og Seljadal). Farið verður í grunnatriði frisbígolfsins, reglur, grip, pútt, bakhönd, forhönd og mismunandi frisbídiskar prófaðir. Einnig verður farið yfir helstu reglur sem þarf að hafa í huga þegar keppt er í frisbígólfi. Nokkur mót verða haldin og að lokum verður krýndur frisbígolfmeistari Vatnsendaskóla. Nemendur geta komið með sína eigin frisbídiska en við útvegum líka diska. Við munum fá frisbígolfspilara úr meistaraflokki til að sýna okkur hvernig á að gera þetta a.m.k. einu sinni yfir tímabilið.

Frístundaval 1t (8., 9. og 10. bekkur)

Nemandi fer í frístund sem er fyrir yngsta stigi og aðstoðar nemendur undir leiðsögn frístundaleiðbeinanda. Verkefni gætu t.d. verið að aðstoða í hópavinnu, að spila við nemendur, að ræða við þau um hina ýmsu félagsfærni og hjálpa þeim við að leysa hin ýmsu verkefni sem koma upp yfir daginn.

Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði.

Félagsmálaval 2t (8., 9. og 10. bekkur)

Félagsmálafræði er áfangi þar sem nemendur fá fræðslu í hinum ýmsu málefnum er snúa að félagsmálum sem og aðstoða við undirbúning á starfi félagsmiðstöðvarinnar Dimmu. Þeir nemendur sem velja þennan áfanga sitja í nemendaráði Dimmu. Kennslan verður í formi fyrirlestra, umræðu og verkefnavinnu sem snýr jafnt að framkvæmd viðburða sem og öðrum minni verkefnum. Unnið verður með viðburðastjórnun, leiðtogafærni, skoðanaskipti, unglingalýðræði, undirbúning og framkvæmd verkefna og sjálfstæð vinnubrögð. Yfir veturinn munum við heimsækja aðra félagsmiðstöð sem og félagasamtök. Við munum vinna að viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar og skólans ásamt því að vinna minni verkefni tengd t.d. ræðumennsku og jákvæðum leiðtogum.

Markmið áfangans er að þjálfa nemendur í fundarsköpum, ræðumennsku, skipulagsvinnu, viðburðastjórnun & lýðræðislegum vinnubrögðum í hópastarfi. Að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum og ábyrgð. Að byggja upp heilbrigða sjálfsmynd nemenda. Að nemendur hjálpi til við undirbúning á starfi félagsmiðstöðvarinnar Dimmu. Að nemendur kynnist starfsemi félagasamtaka. Að byggja upp samkennd og samfélagslega ábyrgð meðal nemenda.

Kennslufyrirkomulagið byggist að mestu leiti á umræðum og verklegum æfingum en þess á milli munum vera fyrirlestrar sem og heimsóknir út á vettvang er tengist félagsmálum.

Námsmat fer fram með þeim hætti að nemendur eru metnir eftir dugnaði og áhugasemi. Einnig eftir verkefnum sem þeir skila af sér hvort sem um einstaklings eða hópverkefni er að ræða. Þátttaka í starfi félagsmiðstöðvarinnar markar einnig lykilþátt í námsmati. Hver nemandi fær umsögn í lok námskeiðs.

Framhaldsskóla stærðfræði 2t. (10. bekkur)

Þá taka nemendur allt 10.bekkjar námsefni í stærðfræði á haustönn og fara í framhaldsskóla stærðfræði á vorönn.

Framkoma, snyrtifræði og jákvæð líkamsímynd 1t. (8., 9. og 10. bekkur)

Í þessu valfagi verður nemendum kennd helstu undirstöðu atriði er kemur að förðun og hreinlæti. Tekið verður fyrir farði, skygging, highlighter, augnförðun, varir o.fl. Einnig verður farið í undirstöðuatriði er varðar hreinlæti á húð, förðunarvörum og fleiru. Nemendur fá tækifæri til þess að koma með förðunarvörur sínar í skólann til þess að fá ráðleggingar. Skemmtilegt valfag fyrir alla þá sem vilja læra undirstöðuatriði í förðun.

Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði.

Golf 1t. (8., 9. og 10. bekkur)

Golf er vinsæl íþrótt meðal allra aldurshópa og það er hægt að byrja að spila golf hvenær sem er. Farið verður í alla þá grunnþætti sem nauðsynlegir eru fyrir fyrstu skrefin á golfvellinum eins og grunnhreyfingar í golfsveiflunni, öll meginhögg í golfi, siði og grunnreglur í golfleiknum ásamt venjum og hugarfari við golfiðkun. Golf er fyrir alla – Stelpur og stráka. Námsmat: byggir á virkni og frammistöðu nemenda í tímum.

Heimanám á bókasafni: 1t. (8., 9. og 10. bekkur)

Í heimanámstímum hafa nemendur tækifæri til að vinna verkefni sem þau eiga annars að vinna sjálfstætt heima hjá sér. Kennarinn getur einnig aðstoðað með ýmsa efnisþætti í bóklega náminu sem nemandinn þarf að einbeita sér sérstaklega að.

Íslenska 1t. (8., 9. og 10. bekkur)

Markmið áfangans er að auka skilning nemenda á því efni sem verið er að vinna með í íslenskutímum í kjarna. Unnið verður með þætti í stafsetningu, málfræði, ljóðum og ritun. Námsmat: Námsmat byggir á frammistöðu nemenda í tímum og verkefnum. ATH: Þeir nemendur sem þurfa námsaðstoð (sérkennslu) í íslensku ættu að velja þennan áfanga.

Listmennt (Myndmennt)2t. (8.,9. og 10. bekkur)

Valáfanginn er kenndur einu sinni í viku í 80. mín fram að áramótum eða frá áramótum fram á vor. Nemendur hafa frjálst val um hvort unnið er að vatnslita málun, málað á striga, skorið í dúk og þrykkt á pappír, gerður pappamassi eða unnið að sameiginlegu mósaík hópverkefni. Nemendur fá sýnikennslu frá kennara, af netinu og úr bókum. Námsmat: símat, leiðsagnarmat, ástundun og virkni í tíma.

Réttindaráð 1t - á skólatíma (8.,9. og 10. bekkur)

Réttindaráð mun leiða innleiðingu Réttindaskólaverkefnisins og hittist tvisvar sinnum í mánuði.Starf réttindaráðsins miðar að því að uppfylla forsendur Réttindaskólans sem eru að nemendur og starfsfólk vinni saman að sameiginlegu markmiði.Markmið réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði.

Skólahreystival 1t (8., 9. og 10. bekkur)

Áfangi fyrir þá sem vilja taka vel á því og auka meðal annars þol, snerpu og styrk. Tímarnir verða í anda Skólahreysti, Bootcamp og Crossfit. Kennt verður í íþróttahúsinu. Námsmat er lokið eða ólokið, þar af leiðandi skiptir mæting og virkni í tímum miklu máli.

Skólaráð 1t. á skólatíma (8.,9. og 10. bekkur)

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla sem er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6 gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.“ (Lög um grunnskóla, samþykkt á Alþingi 29. maí 2008, II. kafli, 8.gr.).

Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði.

Skrautskrift 1t. (8., 9. og 10. bekkur)

Kenn eru grundvallaratriði í skrautskrift og hún æfð.

Námsmat: Símat, sjálfsmat, virkni, áhugi, samvinna og framfarir

Smíði og nýsköpun 3t. (8.,9. og 10. bekkur)

Nemendur vinna eitt verkefni eftir gefinni forskrift kennara, síðan velja nemendur sér verkefni sem getur verið nánast hvað sem er úr málmi, tré, plast eða því efni sem tilfellur. Lögð verður áhersla á að nemendur hanni og útfæri sín verkefni sjálfir. Í þessum tíma er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir og vinnusamir. Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn: geti valið og þróað eigið verkefni, útfært á skapandi og persónulegan hátt, verið sjálfstæður og ábyrgur í þeirri verkefnavinnu sem fer fram.

Námsmat: Gefin er vinnueinkunn eftir hvern tíma sem þar sem iðni, vinnubrögð, frumkvæði og framkvæmd verkefna eru metin.

Stærðfræði grunnur 1t. (8., 9. og 10. bekkur)

Markmið áfangans er að auka skilning nemenda á því efni sem verið er að vinna með í stærðfræðitímum í kjarna. Námsmat: Námsmat byggir á frammistöðu nemenda í tímum og verkefnum. ATH: Þeir nemendur sem þurfa námsaðstoð (sérkennslu) í stærðfræði ættu að velja þennan áfanga.

Tækniskólinn 5-6t (10. bekkur)

List og vergreinar kenndar í samvinnu við Tækniskólann.

Textílval 2t (8.,9. og 10. bekkur)

Nemendur hafa val um fatasaum, útsaum, prjón, þrykk, endurvinnslu o.fl. allt eftir áhuga hvers og eins. Námsmat: Fjölbreytt verkefni, símat, leiðsagnarmat, ástundum og virkni í tíma.

Hæfniviðmið:Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar. Unnið með einföld snið og uppskriftir. Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli. Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla. Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum. Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textílverk og textílvinnu.

Þjálfaraval HK - samvinna við HK (10. bekkur)

Unnið að þjálfun yngri iðkenda undir leiðsögn þjálfara HK. Nemendur fara á skyndihjálparnámskeið.

Námsmat: Leiðtogahæfni, framkoma, virkni og mæting.

Skólabragur og skólareglur

Í Vatnsendaskóla er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnuandi sé ríkjandi. Mikilvægt er að allir sem í skólanum starfa stuðli að og viðhaldi góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og jákvæð framkoma eru höfð að leiðarljósi í skólastarfinu. Námsagi einkennist af því að tillit sé tekið til þarfa nemenda, þroska þeirra og hæfni með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi.

Skólareglur Vatnsendaskóla

Í skólanum eiga allir nemendur rétt á að vera öruggir og geta sinnt námi sínu og leikið sér án áreitis og truflunar frá öðrum .

Það þýðir að nemendur:

- Sýna hver öðrum og starfsfólki virðingu, kurteisi og tillitssemi.
- Fara eftir fyrirmælum starfsmanna skólans.
- Sitja með öryggisbelti spennt á meðan sundrúta er á ferð.
- Eru á skólalóðinni á skólatíma nema með sérstöku leyfi kennara eða annarra starfsmanna skólans.
- Nota hvorki reiðhjól, vespur, rafhjól, línuskauta, hjólaskó, hjólabretti né hlaupahjól á skólalóðinni á skólatíma.

Nemendur hafa ákveðnum skyldum að gegna í skólanum.

Það þýðir að nemendur:

- Mæta stundvíslega í allar kennslustundir.
- Ganga um ganga skólans og eru ekki með háreysti á ferðum sínum um skólann, í matsal eða kennslustofum.
- Ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og eigur hans, svo sem bækur, spjaldtölvur og önnur kennslugögn, kennsluáhöld og húsgögn.
- Fara í röð fyrir framan sundrútu áður en þeim er hleypt inn í hana.
- Fylgja fyrirmælum starfsfólks varðandi notkun GSM síma, snjallúra og spjaldtölva á skólatíma.

Í skólanum er borin umhyggja fyrir heilsu nemenda

Það þýðir að nemendur:

- Neyta hvorki gosdrykkja/orkudrykkja né nokkurs sælgætis á skólatíma.
- Nota hvorki tóbak né rafsígarettur á skólatíma og á skólalóð eða aðra vímugjafa. Sömu reglur gilda um allt tómstundastarf, skemmtanir og ferðir á vegum skólans.

Viðbrögð við brotum á skólareglum

Þeir nemendur sem ekki geta farið eftir skólareglum fá viðeigandi leiðsögn:

1. Kennari ræðir við nemanda og bendir honum á hvað hann hefur gert rangt og spyr nemandann um sitt hlutverk og hvort hann geti bætt fyrir brot sitt.
2. Stjórnendur eru kallaðir til þegar nemendur láta ekki segjast eftir samtal við kennara.
3. Tilkynnt er um brot sem send eru til skólastjórnenda til forráðamanna með símtali.
4. Mál eru skráð í dagbók nemanda í Mentor að undangengnu símtali.

Þegar alvarlegri brot eiga sér stað, t.d. brot sem fela í sér ofbeldi eða meiðandi notkun á snjalltækjum:

- Getur komið til þess að foreldrar þurfi að sækja nemendur tafarlaust í skólann.
- Ef um ræðir alvarlegt brot á notkun á snjalltæki er tækið tekið af nemendum tímabundið í samráði við foreldra.

Notkun snjallsíma

Nemendum skólans er heimilt að vera með og nota snjallsíma í skólanum fari þeir eftir eftirfarandi reglum. Þeim sem ekki treysta sér til að fara eftir reglunum er óheimilt að vera með síma í skólanum.

- Símarnir eru á ábyrgð nemenda í skólanum. Tjón vegna þjófnaðar eða skemmda verður ekki bætt af hálfu skólans.
- Í skólanum er öll notkun snjallsíma bönnuð nema með leyfi kennara.

- Ekki er heimilt að nýta símana til að taka upp eða dreifa efni úr skólastarfinu.
- Verði nemandi uppvís að óheimilli notkun síma í kennslustund skal hann samstundis ganga frá síma í skólatösku. Kennari skráir atvik í Mentor að undangengnu símtali við foreldra.
- Við alvarleg eða ítrekuð brot er nemanda vísað til skólastjórnenda og foreldrum tilkynnt um atvik.

Notkunarreglur spjaldtölva

- Förum eftir fyrirmælum kennara um notkun spjalda.
- Í kennslustundum fáum við staðfest frá kennara að við eigum/megum nota spjaldið.
- Tónlist = heyrnartól.
- Myndatökur og myndbirtingar eru háðar SAMÞYKKI.
- Í matsalnum notum við ekki spjaldtölvurnar.

Viðbrögð við brotum á reglum um spjaldtölvur

- Við fyrsta brot er nemanda gefin viðvörun.
- Við annað brot er gefinn punktur í Mentor.
- Við endurtekin brot er sendur póstur til foreldra (eftir 5 punkta sendir kennari póst heim)
- Við síendurtekin brot er nemandi boðaður á fund ásamt foreldrum og skólastjórnendum.
- Geti nemandi ekki farið eftir reglum þá skal spjaldið geymt á vegum skólans þar til annað er ákveðið.

Viðmið um skráningu

Viðmið um ófullnægjandi skólasókn, leyfi, veikindi, fjarvistir og seinkomur

Viðmið um brot á skólareglum

Viðmið um ófullnægjandi heimalestur eða heimavinnu

Ferli vegna brota á skólareglum



Uppeldi til ábyrgðar

Starfsfólk Vatnsendaskóla vinnur samkvæmt stefnunni Uppeldi til ábyrgðar, uppbyggingu sjálfsaga sem byggð er á kenningum Diane Gossen. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blindna hlýðni og á virðingu fremur en stjörnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Árshjól – Uppeldi til ábyrgðar

Skipulag Vatnsendaskóla á verkefnum skólaársins.

Tímasetning	Verkefni
Ágúst	Nýir starfsmenn fara á námskeið um *uppeldi til ábyrgðar* .
	Aðrir starfsmenn fá upprifjun á stefnunni.
	Starfsmenn skólans gera starfsmannasáttmála.
	Reglulegir bekkjarfundir hefjast hjá umsjónarkennurum.
September	Kynning á uppeldi til ábyrgðar á námskynningum með foreldrum.
	Kennarar fara yfir mitt og þitt hlutverk með nemendum og gera veggspjöld. Sama á við um kennara og stuðningsfulltrúa.
	Kennarar kynna þarfahringinn og fara yfir þarfirnar með nemendum.
Október	Rætt um skýr mörk við nemendur.
	Rætt um lífsgildi í fjölskyldum, lífgildi nemenda og lífsgildi hópsins.
Nóvember	Umsjónarkennarar velja lífsgildi bekkjarins með sínum nemendum. Þeir gera síðan bekkjarsáttmála og gera veggspjald.
	Gera T-spjöld um bekkjargildin.
Janúar	Kennarar rifja upp þau atriði sem unnið var með á haustönn.
Febrúar	Sáttaleiðir kynntar eins og til dæmis friðarborð og sáttaborð.
Mars	Nemendur finna út hvaða þarfir þeir hafa og búa til þarfastjörnu.
	Lífsgildi - nemendur velta fyrir sér hvernig manneskjur þeir vilji vera
	(Y-spjald).
Apríl	Hver stjórnar því hvernig við bregðumst við? (Til dæmis verkefnið billinn)
	Bjargirnar - hvers þarfnast ég til að leysa vandamál?

*Hægt er að vinna þetta á hraða hvers og eins, ramminn er til þess að vita hvenær á að hafa lokið hverjum þætti fyrir sig.

Spjaldakerfi – Jákvæð hegðun

Í tengslum við uppeldi til ábyrgðar nýta kennarar sérstakt spjaldakerfi sem innleidd var í samvinnu við Vöndu Sigurgeirsdóttur hjá KVAN . Kerfið er nýtt til að styrkja jákvæða hegðun nemenda og aðstoða þá við að velja jákvæða hegðun en um leið að það að velja neikvæða hegðun hefur afleiðingar. Í Uppeldi til ábyrgðar erum við að kenna nemendum að læra að taka ábyrgð á eigin hegðun og þetta kerfi er til að aðstoða nemendur að velja rétt og minna á það sem vel er gert.

Viðmið – Spjöld

Við viljum grænt

- Grænt spjald J
- Kurteis
- Hlusta og fara eftir fyrirmælum starfsfólks skólans
- Vera góð/ur við aðra

Við pössum okkur þegar við fáum gult

- Gult spjald: L L
- Dónaleg/ur við starfsfólk og aðra nemendur
- Fara ekki eftir fyrirmælum starfsfólks
- Meiða aðra
- Meiðir með orðum

Við viljum ekki appelsínugult

- Appelsínugult spjald: L L L
- Ítrekað dónaleg/ur við starfsfólk og aðra nemendur
- Fer ítrekað ekki eftir fyrirmælum starfsfólks
- Meiðir aðra ítrekað
- Meiðir ítrekað með orðum

Við viljum alls ekki rautt

- Rautt spjald: L L L L
- Meiða aðra viljandi
- Ítrekaður dónaskapur
- Endurtekið meiðir aðra nemendur
- Útilokar nemendur í samskiptum og meiðir með orðum

Vinaliðar í útivist

Vatnsendaskóli tekur þátt í verkefninu Vinaliðar í útivist en það felur í sér að fulltrúar nemenda úr öllum bekkjardeildum í 3.-7. bekk taka að sér að stýra leikjum og afþreyingu á skólalóðinni í útivist auk þess að halda utan um gögn sem notaðir eru, bjóða öllum að vera með og láta vita ef þeir sjá eitthvað sem betur má fara. Nemendur tilnefna vinaliða úr sínum hópi sem gegna hlutverkinu hálfan veturinn en svo eru aftur tilnefndir vinaliðar sem gegna þá hlutverkinu til vors. Vinaliðaverkefnið er norskri fyrirmynd og fjölmargir íslenskir skólar hafa tekið verkefnið upp á síðustu misserum með aðstoð starfsfólks Árskóla á Sauðárkróki sem aðstoðar skóla við innleiðinguna. Vinaliðaverkefnið hófst mánudaginn 5. október 2020.

Vinaliðaverkefnið stuðlar að

- Jákvæðni og vellíðan
- Aðalmarkmið Vinaliðaverkefnisins er að vinna gegn einelti með því að bjóða upp á jákvæða afþreyingu á skólalóðinni í frímínútum.
- Hreyfing nemenda eykst ef fjölbreytt úrval leikja er á skólalóðinni, færri eru alveg óvirkir.
- Við viljum að öllum nemendum líði vel í sínum skóla og taki þátt með jákvæðni í að gera skólann sinn enn betri en hann er.
- Nemendur sem takast á við hlutverk Vinaliðans fá frábæra leiðtogaþjálfun í gegnum hlutverkið.
- Leiðtogaþjálfun

Vinaliðar eflast í leiðtogahlutverki sínu því:

- Vinaliði fer á fundi reglulega og lærir hvernig á að vinna skipulag næstu tveggja vikna.
- Vinaliði vinnur skipulag næstu tveggja vikna.
- Vinaliði verður stýrandi í leik á skólalóðinni með stuðningi fullorðinna gæsluaðila.
- Vinaliði lærir að meta ástand skólavallarins og fær að hafa áhrif þar til góðs.
- Hlutverk Vinaliða

Vinaliði á að:

- setja upp, taka þátt í og aðstoða við afþreyingu í frímínútunum
- sýna öðrum nemendum sérstaka athygli sem og þeim sem eru einir í frímínútunum
- láta vita af því ef hann heldur að nemendum í skólanum leiðist, séu einmana eða ef hann verður vitni að einelti og útilokun eða öðru sem getur valdið vanlíðan nemenda
- fá dagsnámskeið í leikjum og ráðleggingar um hvernig hægt er að hvetja aðra í leik
- fá stuðning og leiðsögn frá umsjónarmanni Vinaliðaverkefnisins í skólanum

Verkfærakistan

Í skólanum er unnið markvisst að því að auka leiðtoga- og samskiptafærni nemenda, í formi leikja og ýmissa verkefna. Unnið með efnið frá KVAN í öllum árgöngum skólans.

Rannsóknir sýna að félagslegum vanda fylgja alvarlegar og jafnvel langvarandi neikvæðar afleiðingar fyrir börn á öllum aldri. Því er mikilvægt að skima fyrir félagslegum erfiðleikum og grípa inn í eins fljótt og auðið er. Til að svo megi verða þurfa kennarar og allir þeir sem vinna með börnum að hafa þekkingu og færni til að koma auga á börn í félagslegum vanda ásamt því að kunna árangursríkar aðferðir til að hjálpa þeim. Oft er þó ekki nóg að vinna eingöngu með einstaklinga heldur þarf að vinna með allan hópinn. Er það til að mynda nauðsynlegt í eineltismálum og ýmsum samskiptavandamálum. Þá er vandinn í mörgum tilfellum tengdur hópnum í heild en ekki einstaka börnum. Bestur árangur næst með markvissum langvarandi aðgerðum sem beinast annars vegar að einstaklingum og hins vegar að hópnum (Upplýsingar teknar af heimasíðu KVAN.).

Vinátta – Verkefni Barnaheilla (Blær)

Vinnátta byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir Vinátta á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu er grundvöllur þess að vel takist til. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnur og í samskiptum innan skólasamfélagsins. Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirfarandi fjórum gildum: umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti

Nefndir og ráð skólans

Skólaráð

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla sem er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald.

- Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans.
- Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.
- Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Skólanefnd, sbr. 6 gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.“ (Lög um grunnskóla, samþykkt á Alþingi 29. maí 2008, II. kafli, 8.gr.)

Í skólaráð skal skipa níu einstaklinga til tveggja ára í senn:

- Skólastjóri sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess
- Tveir fulltrúar kennara.
- Einn fulltrúa annars starfsfólks en kennara.
- Tveir fulltrúar nemenda.
- Tveir fulltrúar foreldra.
- Einn fulltrúi úr grenndarsamfélaginu sem ofantaldir fulltrúar skólaráðs velja eða einn viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Skólaráð Vatnsendaskóla

Skólaráð Vatnsendaskóla er skipað eftirfarandi fulltrúum skólaárið 2021 – 2022:

María Jónsdóttir skólastjóri

Álfrún Ýr Björnsdóttir kennari

Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir kennari

Alfreð Gústaf Maríusson matreiðslumeistari

Stefán Guðmundsson nemandi

Sunna Sól Pálsdóttir nemandi

Þórey Huld Jónsóttir foreldri

Jóna Margrét Harðardóttir foreldri

Þorvar Hafsteinsson fulltrúi grenndarsamfélags

Varamenn Ragnhildur Helgadóttir og Úlfur Blandon

Starfsáætlun skólaráðs

Skólaráð fundar skólaárið 2021-2022 á eftirtöldum dögum:

21.09 – 05.10 – 19.10 – 30.11, 18.01- 15.02 – 29.03 – 03.05 – 24.05)

Fundartími er á þriðjudögum kl: 8:30 – 09:15.

Nemendaráð Vatnsendaskóla og Dimmu

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla, skal nemendafélag starfa í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Sunnar Rut Garðardóttir forstöðukona Dimmu fundar með nemendaráð vikulega, á þriðjudögum kl: 14:40-16:00.

Fulltrúar nemendaráðs skólaárið 2021- 2022 eru:

- Arnar Ási Guðmundsson
- Ásta Hólmfríður Ríkharðsdóttir
- Einar Ólafur Atlason
- Elísabet Ólafsdóttir
- Embla María Ævarsdóttir
- Emelía Ólöf Isaksen
- Ísak Geir Jakobsson
- Karl Andrés Kristjánsson
- Karl Ágúst Karlsson
- Leó Þór Magnússon
- Marinó Haukur Hauksson

- Matthildur M. Ellertsdóttir
- Rafn Kristinn Hrannarsson
- Stefán Guðmundsson
- Sölvi Hrafn Pétursson
- Tristan Sikora
- Viktor Ari Árnason
- Viktor Steinn Gylfason

Unglingaráð félagsmiðstöðva í Kópavogi, fyrir hönd Vatnsendaskóla:

Í október verður kosið í unglingaráð.

Ungmennaráð

Vatnsendaskóli á sinn fulltrúa í Ungmennaráði Kópavogs. Sjá nánar.

Fulltrúi Vatnsendaskóla er Aldís Anna Hrannarsdóttir

Réttindaráð

Vatnsendaskóli er að hefja innleiðingu verkefnis sem veitir skólanum réttindi til að verða Réttindaskóli UNICEF á Íslandi. Að verða Réttindaskóli þýðir að skólinn ætlar að nota Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi. Að auki er markmiðið að kenna börnum um réttindi sín og ábyrgð. Markmiðið er að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi og efla jákvæð samskipti. Réttindaráð mun starfa innan skólans sem er skipað af nemendum og starfsfólki.

Fulltrúar réttindaráðs skólaárið 2021-2022 eru:

4.bekkur: Steinunn, Katla og Atli

5.bekkur: Guðrún, Bryndís, Ívar og Ingvar

6.bekkur Garpur, Gylfi, Laufey og Ottó

7.bekkur: : Fjóla, Birna, Eysteinn og Alex

10.bekkur : Birta og Salka

Foreldrasamstarf

Samstarf heimila og skóla

Við í Vatnsendaskóla viljum eiga góð og uppbyggileg samskipti við foreldra um nám og velferð nemenda. Áherslur á samstarf heimila og skóla koma fram í lögum um grunnskóla (2008) og aðalnámskrá grunnskóla (2011). Mikilvægt er að samskipti foreldra og kennara séu góð og að velferð nemenda sé ávallt höfð að leiðarljósi. Samskiptin þurfa að vera skýr en um leið þarf að gæta þess að samskiptin hafi ekki truflandi áhrif á nám og kennslu.

Tölvupóstur og símtöl

Tölvupóstur er þægilegt og fljótlegt samskiptaform sem getur oft nýst í almennum samskiptum við einstaka kennara eða skólann. Þegar foreldrar þurfa að ná tali af kennara er hægt að senda tölvupóst á kennarateymi eða kennara í einstökum greinum og biðja um viðtal. Árgangateymi í 1.-8.bekk eru með póstföng fyrir árganginn sem foreldrar senda á.

1. bekkur: argangur2015@vatnsendaskoli.is
2. bekkur: argangur2014@vatnsendaskoli.is
3. bekkur: argangur2013@vatnsendaskoli.is
4. bekkur: argangur2012@vatnsendaskoli.is
5. bekkur: argangur2011@vatnsendaskoli.is
6. bekkur: argangur2010@vatnsendaskoli.is
7. bekkur: argangur2009@vatnsendaskoli.is
8. bekkur: argangur2008@vatnsendaskoli.is

Það er mikilvægt að hafa í huga að á skólatíma eru kennarar yfirleitt ekki við tölvur og foreldrar geta því ekki treyst því að tölvupóstur sem þeir senda kennara verði lesinn samdægurs. Hægt er að treysta því að kennarar svari tölvupósti foreldra að jafnaði innan tveggja daga frá því hann berst.

Því er betra, ef upp koma ófyrirséð brýn tilvik, að hringja á skrifstofu skólans og biðja um að skilaboðum sé komið til kennara eða óska eftir að kennari hafi samband. Kennarar svara ekki í síma eða taka við skilaboðum í síma meðan á kennslu stendur. Ef málið þolir ekki bið er haft samband við skólastjórnendur.

Foreldrafélag Vatnsendaskóla

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra og markmið þess er að efla og tryggja gott samstarf heimila og skóla, vinna að velferð nemenda, efla kynni foreldra innbyrðis, stuðla að fræðslu um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Foreldrafélag Vatnsendaskóla stendur fyrir öflugu félagsstarfi og skipuleggur í samráði við foreldra og nemendur nokkra fasta viðburði á hverju skólaári. Ber þar hæst að nefna Halloween ball, páskabingó að ógleymdri vorhátíð skólans en þessir viðburðir eru haldnir í samstarfi við fjáröflunarnefnd 10. bekkjar sem safnar fyrir útskriftarferð nemenda. Auk þess stendur félagið fyrir hjóladegi, skíðadegi og sameiginlegum fræðslu og upplýsingafundum. Aðrir viðburðir eru settir á dagskrá eftir þörfum og áhuga skólasamfélagsins en stjórn Foreldrafélagsins styður heilshugar viðleitni foreldra barna skólans við að bæta starfið og hafa áhrif.

Foreldrafélagið starfar samkvæmt starfsreglum sem það setur sér m.a. um kosningu fulltrúa í skólaráð og kosningu í stjórn félagsins.

Stjórn Foreldrafélags Vatnsendaskóla skólaárið 2021– 2022 skipa:

Ragnhildur Helgadóttir, formaður

Eiríkur Magnús Jensson, gjaldkeri

Jóhanna María Kristjánsdóttir, ritari og fulltrúi 10. bekkinga í stjórn

Þórey Huld Jónsdóttir

Jóna M. Harðardóttir

Elín Sigurðardóttir

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans en félagið heldur einnig úti fésbókarsíðu. Netfang foreldrafélagsins er vatnsendaforeldrar@gmail.com.

Ragnhildur Helgadóttir mun taka að sér hlutverk Samkóps fulltrúa.

Bekkjarfulltrúar

Foreldrafélag skólans hefur yfirumsjón með starfi bekkjarfulltrúa. Á kynningarfundum fyrir foreldra sem haldnir eru í byrjun skólaárs er óskað eftir sjálfboðaliðum til að gegna starfi bekkjafulltrúa en í hverjum bekk eru kosnir a.m.k tveir fulltrúar. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að halda utan um og koma að skipulagningu bekkjarstarfs með það að markmiði að styrkja samskipti og vináttu innan bekkjardeilda ásamt því að styrkja samband á milli foreldra í hópnum. Stjórn Foreldrafélagsins boðar til fundar bekkjafulltrúa í upphaf árs þar sem foreldrasamstarf komandi vetrar er rætt, foreldraröltið kynnt sem og Foreldrasáttmáli Heimili og skóla. Sáttmálanum er ætlað að vekja foreldra til vitundar um mikilvægi þess að sýna uppvexti og skólagöngu barna sinna og unglinga áhuga og setja þeim skýr mörk. Sáttmálinn gefur foreldrum tækifæri til þess að samríma viðmið s.s varðandi útivistartíma, afmælisgjafir og tölvunotkun svo fátt eitt sé nefnt.

Upplýsingar um starfandi bekkjarfulltrúa má finna á heimasíðu skólans.

Foreldrarölt

Á undanförnum árum hefur foreldrafélag Vatnsendaskóla skipulagt foreldrarölt á kvöldin um helgar. Um er að ræða sjálfboðaliðastarf foreldra þar sem leitast er við að ná fram samstöðu þeirra á meðal um að virða reglur um útivist barna og koma í veg fyrir hópamyndun unglinga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið.

Bekkjarskemmtanir

Hver árangur hefur að lágmarki eitt bekkjarkvöld á hvorri önn. Bekkjarkvöld eru ýmist haldin í skólanum eða fyrir utan hann. Bekkjarfulltrúar skipuleggja bekkjarkvöld og er það gert í samvinnu við umsjónarkennara.

Námsvefur Vatnsendaskóla

Á heimasíðu Vatnsendaskóla er að finna námsvef skólans. Þar er að finna ýmsan fróðleik um skólastarfið, skemmtileg verkefni, kennslumyndbönd, ítarefni og hlekki á vefsíður sem nýtast nemendum vel í náminu ásamt kennsluáætlunum. Slóðin á námsvefinn er að finna hér.

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er skipt í innra og ytra mat. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Skólaárið 2018-2019 var að unnið ytra mat á Vatnsendaskóla á vegum sérfræðinga frá Menntamálastofnun. Það fólst meðal annars í því að matsaðilar frá Menntamálastofnun voru í skólanum í fjóra daga og fóru í vettvangsskoðanir í kennslustundir hjá öllum nemendum. Einnig tóku þeir rýniviðtöl við ýmsa hópa, þ.e. starfsmenn, foreldra, nemendur, stjórnendur og fulltrúa úr skólaráði. Matsaðilar skoðuðu auk þess ýmis gögn um skólann, bæði á heimasíðu og gögn sem þeir fengu send rafrænt frá skólanum, skólanámskrá, kennsluáætlanir, námskrá, samræmd könnunarpróf og aðrar kannanir. Matið tók fjóra daga og var metin stjórnun og forysta, nám og kennsla og vinnubrögð við innra mat. Sérfræðingar á vegum Menntamálastofnunar framkvæmdu ytra matið.

Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun.

Niðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans undir sjálfsmatsskýrslur

Innra mat

Innra mat skólans skiptist í nokkra þætti sem að hafa það eitt sameiginlegt að stuðla að betri líðan og árangir nemenda í Vatnsendaskóla.

Líðankönnun

Tvisvar sinnum á ári er lögð fyrir líðankönnun meðal nemenda í 1. - 10. bekk. Með þessari könnun er verið að skoða líðan nemenda almennt í skólanum. Tilgangur með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda í skólanum.

Tengslakönnun

Tvisvar sinnum á ári er lögð fyrir tengslakönnun meðal nemenda í 1. - 10. bekk. Með þessari könnun er verið að skoða tengsl milli nemenda innan árganga. Tilgangur með fyrirlögn

könnunarinnar er að skoða hvor einstaka nemendur séu vinafáir eða sjaldan valdir innan árgangsins. Unnið er með niðurstöðurnar innan skólans til að bæta tengslanet nemenda, koma í veg fyrir vanlíðan og einmannaleika nemenda skólans.

Skólapúlsinn

Nokkrum sinnum yfir skólaárið er lögð fyrir könnun á líðan og viðhorfi nemenda í 6. – 10. bekk. Þættirnir sem mældir eru með könnunum skólapúlsins eru:

- Virkni nemenda
- Líðan og heilsa
- Skólastarf og bekkjarandi
- Ánægja af lestri
- Áhugi og ánægja af stærðfræði
- Áhugi og ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin námsgetu
- Trú á eigin vinnubrögð í námi
- Þrautseigja í námi
- Sjálfsálit
- Stjórn á eigin lífi
- Vellíðan
- Tíðni eineltis
- Tegund eineltis
- Staðir eineltis
- Hreyfing
- Mataræði
- Samsömun við nemendahópinn
- Samband nemenda við kennara
- Agi í tímum
- Virk þátttaka í tímum
- Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)

Annað hvert ár er könnun lögð fyrir starfsmenn um viðhorf þeirra til starfsins og vinnustaðarins. Foreldrakönnun er síðan lögð fyrir hitt árið. Vorið 2022 verður starfsmannakönnun lögð fyrir.

Umbótaáætlun skólaárið 2021-2022

Af mörgu er að taka þegar umbætur í skólum eru annars vegar. Þó margt sé vel gert má alltaf gera enn betur. Það að ígrunda starf sitt og spyrja sig gagnrýninna spurninga er eðlilegur hluti skólastarfs.

Nemendakönnun

Vatnsendaskóli tekur þátt í nemendakönnun Skólapúlsins og eru það nemendur í 6. – 10. bekkjum sem taka þátt í könnuninni. Þeir þættir sem mældir eru snúa að virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu nemenda og skóla- og bekkjaranda. Niðurstaða skólans á hverjum matsþætti er borin saman við samanlagða útkomu allra skóla sem taka þátt. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Veturinn 2020-2021 voru 248 nemendur í úrtakinu og svöruðu 218 nemendur könnuninni eða 87,9%. Vatnsendaskóli kom nokkuð vel út úr könnuninni að þessu sinni og var um og yfir landsmeðaltali í öllum þáttum nema þremur. Heildarniðurstöður er að finna á heimasíðu skólans. Umbótaáætlun birtist hér fyrir neðan.

Virkni nemenda

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Áhugi nemenda á unglingastig á náttúrufræði	Að áhugi nemenda á náttúrufræði á unglingastigi aukist.	Rýnihópar með fulltrúum nemenda um náttúrufræði og hvernig hægt er að auka áhuga á henni.	Veturinn 2020-2021	Skólastjórnendur og kennarar	Árlega í janúar og júní í niðurstöðum nemendakönnunar skólapúlsins.	Breytt viðhorf nemenda á unglingastigi á náttúrufræði.

Foreldrakönnun

Vatnsendaskóli tekur þátt í foreldrakönnun grunnskóla sem Skólapúlsinn framkvæmir. Könnunin var framkvæmd í febrúar 2021 og var úrtakið 118 foreldrar nemenda á öllum aldursstigum. 92 foreldrar svöruðu könnuninni sem er 78% svarhlutfall. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Í öðrum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Öryggismörk í marktektarprófum voru 90%.

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í fimm flokkum en þeir eru nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur. Hér á eftir verður greint frá helstu niðurstöðum.

Nám og kennsla

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum hefur hækkað frá foreldrakönnuninni sem gerð var árið 2019 og mælist nú 5,1 sem er á pari við landsmeðaltalið. Foreldrar stúlkna eru ánægðari með nám og kennslu í skólanum en foreldrar drengja. Foreldrar nemenda á yngsta stigi er rétt fyrir neðan landsmeðaltal en foreldrar nemenda á öðrum stigum eru um eða yfir landsmeðaltalinu. Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans, telja að hæfileg þyngd sé á námsefni og hæfilegur agi í skólanum. Ekki er þörf á umbótum varðandi þennan þátt.

Velferð nemenda

Í þessum þætti eru ellefu þættir skoðaðir og koma þeir allir út innan marktæks munar fyrir utan ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda. Þetta er breyting frá niðurstöðum könnunarinnar árið 2019. Umbóta er þörf varðandi þennan þátt.

Velferð nemenda

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	Að auka samtal milli kennara og foreldra. Að auka upplýsingaflæði til foreldra.	Að stoðteymi fundi reglulega með árgangateymum og veit ráðgjöf hvernig eigi að mæta þörfum nemandi. Að hvetja kennara til að sækja sér endurmenntun	Skólaárið 2021-2022	Skólastjórnendur	Rafræn könnun vor 2022.	Aukin ánægja í foreldrakönnun 2023

Aðstaða og þjónusta

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum hefur hækkað frá könnuninni árið 2019 og er nú 0,2 stigum hærri en landsmeðaltalið. Ánægja foreldra með tómstundarþjónustu hefur einnig hækkað frá fyrri könnun. Marktækur munur er á hlutfalli nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili og eru 9,2% lægri en landsmeðaltalið. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti er 13% lægri en á landsmeðaltali. Nemendum hefur þó fjölgað sem notar mötuneytið og eru yfir landsmeðaltali. Umbóta er þörf varðandi þessa þætti.

Aðstaða og þjónusta

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu / frístundaheimili	Að bjóða uppá aldursvarandi starfsemi í frístund fyrir nemendur í 3. og 4. bekk.	Bjóða uppá sértækt starf fyrir 3. og 4. bekk. Bjóða uppá aðra dagskrá fyrir 3. og 4. bekk. Vera með starfsemi 3. og 4. bekkjar í öðru húsnæði.	Skólaárið 2021-2022.	Skólastjóri og forstöðumaður frístundar	Rafræn könnun til foreldra frístundar apríl 2022.	Aukin fjöldi nemenda í 3. og 4. sem sækir frístundarstarf.

Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	Að auka fjölbreytni í máltíðum skólans Að auka framboð af grænmeti og meðlæti. Að auka þátttöku nemenda í gerð matseðli	Samtal við alla árganga um hvernig má bæta máltíðir í mötuneyti. Nemendur koma með tillögur að mat á matseðli.	Lok skólaárs 2021 og skólaárið 2021-2022	Stjórnendur	Rafræn könnun til foreldra vor 2021.	Aukin ánægja með máltíðir í foreldrakönnun 2023.

Foreldrasamstarf

Það eru þrír þættir sem mælast með marktækan mun og eru það frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi sem er 0.5 stigum lægri en landsmeðaltalið, áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur sem er 13,2% lægri en landið og foreldrar upplýstir um stefnu skólans en þar munar 7,5%. Umbætur verða gerðar um þessa þætti.

Foreldrasamstarf

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	Að endurskoða upplýsingagjöf til foreldra.	Að endurskoða uppsetningu á vikupóstum og innihaldi hans. Að útbúa staðlað form fyrir vikupóst.	Skólaárið 2021-2022	Stjórnendur	Rafræn könnun vor 2022	Aukið upplýsingaflæði til foreldra.

Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	Að auka aðkomu foreldra að ákvarðanatöku nemenda um nám nemenda.	Umræður með foreldrum á skólaþingi. Umræðufundur með starfsfólki skólans	Skólaárið 2021-2022 og 2022-2023	Stjórnendur	Umræður með foreldrum í foreldrakaffi og umræður á skólaþing haust 2022. Rafræn könnun vor 2022.	Niðurstöður af skólaþingi og morgunverðafundum.
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	Að stefna skólans og námskrá sé sýnileg á vef skólans	Skólanámskrá endurskoðuð haust 2021 og birt á vef í október 2021. Skólanámskrá og námskrá kynnt á morgunnverðafundum 2022. Fræðslukvöld fyrir 5. bekk	Skólaárið 2021-2022	Stjórnendur	Rafræn könnun 2022.	

Heimastuðningur

Í þessum lið er virkni foreldra í námi barna sinna skoðuð, trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið, heimanám, tími sem foreldrar aðstoða við heimanám og væntingar

foreldra um háskólanám eða iðnnám. Tveir þættir skera sig úr þarna og eru með tölfræðilegan marktækan mun og eru það væntingar foreldra um háskólanám sem er tæplega 20% hærri en landsmeðaltalið og væntingar foreldra um iðnám sem er tæplega 12% lægri en landið.

Heimastuðningur

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Væntingar foreldra um iðnám	Að kynna iðnnám fyrir nemendur.	Að námsráðgjafi kynni sérstakalega möguleika á lðnnámi fyrir nemendur	Skólaárið 2021-2022	Stjórnendur og námsráðgjafi	Rafræn könnun til foreldra vor 2022	Aukin fjöldi nemenda sem sæki lðnnám.

Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar 2021 birtist á heimasíðu skólans https://vatnsendaskoli.is/wp-content/uploads/sites/10/2021/09/umbotaaaetun_foreldrar_2021.pdf

Stoðþjónusta

Í Vatnsendaskóla er stoðþjónusta fyrir þá nemendur sem þurfa aðstoð með nám, tilfinningar, félagsleg samskipti og/ eða vegna fötlunar. Kennslan er ýmist einstaklingsbundin eða fer fram í hóp, hvort sem er innan bekkjar eða utan. Grundvöllur stoðþjónustu er greining á námsstöðu og vanda nemandans svo hægt sé að velja námsefni við hæfi. Greiningar geta komið frá kennara, sálfræðingi, sjúkraþjálfara, lækni, talmeinafræðingi, náms- og starfsráðgjafa eða öðrum sérfræðingum. Greiningar og stoðþjónusta eru ætíð unnin í samráði við forráðamenn barnanna og í góðu samstarfi við umsjónarkennara.

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Í stoðþjónustu Vatnsendaskóla er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast. Þrjú námsver eru starfrækt í skólanum, eitt fyrir hvert stig. Í þeim starfa sérkennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar.

Helstu markmið stoðþjónustu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu við hæfi
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra sem best

Stoðþjónusta í Vatnsendaskóla skiptist í eftirtalda þætti:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluaðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Aðaláhersla á lestur og stærðfræði. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.

Nemendur fá stoðþjónustu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra. Að vori ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu nemenda og meta þeir

sameiginlega þörf fyrir stoðþjónustu á komandi skólaári. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ári.

Nánari upplýsingar um stoðþjónustu Vatnsendaskóla má finna:Handbók um stoðþjónustu

Nemendaverndarráð

Í Vatnsendaskóla er starfrækt nemendaverndarráð í samræmi við grunnskólalög og reglur um nemendaverndarráð. Nemendaverndarráð er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra yngra stigs og deildarstjóra eldra stigs, skólasálfræðingi, sérkennara, náms- og starfsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi. Nemendaverndarráð heldur fundi aðra hverja viku og er hlutverk þess að gæta hagsmuna nemenda. Boðað er til aukafundar ef taka þarf brýn mál fyrir.

Tengiliður frá Barnavernd Kópavogs sitja fundi nemendaverndarráðs eftir því sem efni standa til. Hlutaðeigandi kennarar eru einnig boðaðir eftir þörfum. Kennarar vísa málum til ráðsins. Þeir hafa tilkynningarskyldu gagnvart ráðinu ef þeir hafa grun um vanrækslu vegna nemanda.

Umsókn um stoðþjónustu

Umsóknir um stoðþjónustu berast til deildarstjóra sem tekur málið fyrir í nemendaverndaráði. Eftir þann fund er haft samband við foreldra og málið sett í viðunandi ferli.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar eru til aðstoðar þeim nemendum. Einnig sinna stuðningsfulltrúar gæslu í útivist og matargæslu og fylgd í rútuferðir. Stuðningsfulltrúar starfa undir stjórn kennara.

Þroskaþjálfar

Þroskaþjálfar eru starfandi við skólann og vinna með þeim börnum sem þurfa á sértækum úrræðum og þjálfun að halda.

Skólahjúkrun

Auður Sveinbjörg Jóhannsdóttir og Hulda Björg Óladóttir eru hjúkrunarfræðingar skólans og eru samtals í 75% starfi undir stjórn Heilsugæslunnar.

Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

Nauðsynlegt er að hjúkrunarfræðingur fái upplýsingar um breytingar á högum nemenda eða ef um langvinna sjúkdóma og lyfjanotkun er að ræða.

Ef nemandi slasast í skólanum er fyrstu hjálp sinnt. Haft er samband við forráðamann ef veikindi eða slys ber að höndum og því er mjög mikilvægt að á skrifstofu skólans séu alltaf réttar upplýsingar um virk símanúmer og netföng.

Upplýsingar um helstu verkefni skólaheilsuverndar er að finna á heimasíðu skólans, www.vatnsendaskoli.is

Hjúkrunarfræðingar eru við á eftirfarandi tímum:

Mánudagar kl. 08:00-14:00
Þriðjudagar kl. 09:00-12:00
Miðvikudagar kl. 08:00-14.00
Fimmtudagar kl. 08:00-12:00
Föstudagar kl. 08:00-12:00

Sálfræðiþjónusta

Bóas Valdórsson og Tinna Björk Baldvinsdóttur eru sálfræðingur skólans. Þau sinna nemendum ýmist að ósk skóla eða forráðamanna. Skólinn vísar nemendum aðeins til sálfræðings að gefnu samþykki forráðamanna. Forráðamenn leita til umsjónarkennara hafi þeir í hyggju að leita þjónustu skólasálfræðings. Umsjónarkennari vísar erindinu til deildarstjóra sem ber málið upp í nemendaverndarráði sem síðar vísar erindinu áfram til sálfræðings. Viðvera Bóasar er á mánudögum frá kl. 8:00 – 16:00 og viðvera Tinnu Bjarkar er á þriðjudögum frá kl. 8:00-16:00

Náms- og starfsráðgjöf

Guðrún Svava Þrastardóttir er náms- og starfsráðgjafi skólans í 100% starfi og er við alla daga frá 8:00 – 16:00. Hlutverk hennar er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í ýmsum málum, bæði þau er varða námið og eins í persónulegum málum.

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og málsvari nemenda. Verkefni hans eru m.a.:

- Persónuleg ráðgjöf nemenda, bæði hóp- og einstaklingsráðgjöf.
- Kynningar á framhaldsskólum.
- Leiðbeiningar um skipulögð vinnubrögð í námi.
- Könnun á áhugasviði.
- Val á framhaldsnámi.
- Prófkvíði.
- Prófundirbúningur.
- Samskipti.
- Stríðni.
- Einelti.
- Áhyggjur.
- Viðtöl við nýja nemendur.
- · Tengiliður milli heimila og skóla.

Talmeinafræðingur

Signý Gunnarsdóttir er talmeinafræðingur Vatnsendaskóla. Viðvera Signýjar þriðju hverja viku þrjá daga í senn.

Önnur sérfræðiþjónusta frá Menntasviði Kópavogs

Á grunnskóladeild menntasviðs Kópavogsbæjar starfa kennsluráðgjafar sem veita starfsfólki skóla, nemendum og foreldrum ráðgjöf og stuðning við úrlausn mála sem upp koma í skólastarfi.

Ef sérþarfir barns eru miklar og flóknar geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barn sitt í sérskóla. Í Kópavogi eru einnig starfræktar sérdeildir, námsver og sérúrræði til þess að mæta mismunandi þörfum nemenda.

Tómstundastarf

Félagsmiðstöðin Dimma

Félagsmiðstöðin Dimma er starfrækt í Vatnsendaskóla undir stjórn Sunnu Rutar Garðarsdóttur. Félagsmiðstöðin Dimma er opin á mánudögum og miðvikudögum frá 17:00 – 18:30 og 19:30 – 22:00 og svo annan hvern föstudag frá 19:30 – 23:00, ásamt því að vera með dag/hádegisopnanir alla virka daga.

Viðburðir Félagsmiðstöðva Kópavogs 2021 – 2022

Félkó viðburðir:

Ítkballið–17.september(FRESTAÐ)
Forvarnavika – 4-8. október

Stuttmyndahátíð – 17. nóvember

Nýársball – 17. janúar

Getkó 7.-9.febrúar

Skíðaferð 11-13. mars

Sumarhátíð – 20. maí

Félkóhátíð – 8. júní

Samfés viðburðir:

Landsmót Samfés- 1.-2. október (FRESTAÐ)

Rímnaflæði - 12. nóvember

Félagsmiðstöðvavikan - 15-19. nóvember

Rafíþróttamót Samfés og Félkó 3.-4. desember

SamfésCon – 7. janúar

Söngkeppni Félkó – 26. janúar

Danskeppni Samfés – 28. janúar

Stíll – 29. janúar

Samfés – 25. mars

Söngkeppni Samfés – 26. mars

Stjörnuheimar og klúbbastarf

Stjörnuheimar, frístund Vatnsendaskóla, er opin nemendum skólans í 1. til 4. bekk eftir að skóla lýkur til 17:00 alla daga sem starfsemi er í skólanum að undanskildum skólasetningardegi og 2 skipulagsdögum. Sími Stjörnuheima er 6214170. Einnig er hægt að ná sambandi við Stjörnuheima í gegnum skiptiborð skólans og í netpósti á netfangið arimagnus@kopavogur.is

Dagskrá Stjörnuheima byggir á frjálsum leik innan ákveðins ramma og verkefnum. Spil, föndur og hlutverkaleikir eru vinsæl auk inni- og útileikja. Einnig er farið í vettvangsferðir og unnið með þema ferðanna er heim í skóla er komið.

Markmið Stjörnuheima er að bjóða nemendum upp á athvarf þar sem þeir geta dvalið utan skólatíma meðan foreldrar eru í vinnu. Lögð er áhersla á siðferðilegt og félagslegt uppeldi nemenda. Einnig er lögð áhersla á að Stjörnuheimar sé nemendum fastur punktur í tilverunni, annað heimili þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki.

Forstöðumaður Stjörnuheima er Ari Magnús Þorgeirsson.

Skák

Nemendum í 1.-10. bekk skólans er boðið upp á skákkennslu þeim að kostnaðarlausu. Einar Ólafsson skákkennari sér um kennsluna.

Tónlistarskólar

Tónlistarskóli Kópavogs og Skólahljómsveit Kópavogs fá aðstöðu í Vatnsendaskóla til hljóðfærakennslu.

Skólakór

Í Vatnsendaskóla eru starfræktur skólakór undir stjórn Jónínu Wilkins kórstjóra. Kór er starfandi á öllum stigum skólans. Kórarnir eru í endurnýjun og vonandi vaxa þeir og dafna næstu árin.

Símenntunaráætlun

Símenntun starfsfólks má skipta í tvo meginþætti. Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsmenn meta æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli innra mats. Starfsmenn greina skólastjóra frá þeim þáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og/eða til að bæta þekkingu sína sem nýtist í starfi. Starfsmönnum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skóla. Þau námskeið eru á vinnutíma starfsmanna og starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Unnið verður að innleiðingu í samstafi við Unicef Réttindaskólann skólaárin 2019-2021 og áfram skólaárið 2021-2022 Sjá nánar.

Kennarar hafa sótt námskeið í núvitund. Í vetur verður haldið réttindanámskeið fyrir kennara sem lokið hafa 8 vikna námskeiði í núvitund.

Í vetur munu allir starfsmenn skólans taka þátt í skyndihjálparnámskeiði, slíkt námskeið er alltaf annað hvert skólaár.

Stjórnendur og kennarar munu leggja sig fram við að miðla gagnlegum upplýsingu með mánaðarbréfi, vikubréfum, á heimsíðu skólans og á Mentor. Menntabúðir Vatnsendaskóla munu leggja kennurum lið og efla þekkingu þeirra á upplýsingamiðlun til nærsamfélagsins.

Kennarar eru hvattir til að sækja *Kópmennt* sem eru menntabúðir grunnskóla Kópavogs.

Skólinn tekur þátt í tveimur Erasmus verkefnum þetta skólaárið. Í báðum verkefnunum er samstarfs við kennara og nemendur í Evrópu með áherslu á umhverfismál.

Lögð er áhersla á að allir kennarar skólans sæki námskeiði hjá Kvan sem nefnist Verkfærakistan. Á námskeiðinu er meðal annars kenndar aðferðir til að efla bekkjaranda, leiðtogahæfni og félagsfærni nemenda. Markmiðið með námskeiðinu er að styrkja kennara við að takast á við fjölbreytta nemendahópa og hegðunarvanda. Unnið verður áfram markvisst með þessa þætti í skólastarfinu í vetur í smiðjum í 1.-7. bekk og í umsjónartímum í 8.-10. bekk.

Spjaldtölvuteymi kennara starfar við skólann sem leiðir vinnuna í samstarfi við spjaldtölvuteymi Kópavogsbæjar og kennsluráðgjafa. Teymið fundar reglulega og er kennurum

innan handar við skipulagningu á spjaldtölvukennslu. Kennsluráðgjafar á vegum Kópavogsbæjar er kennurum innan handa og geta kennarar fengið aðstoð hjá þeim. Leiðtogateymi spjaldtölvuvæðingar skipuleggur jafningjafræðslu og menntabúðir innan skólans.

Skólinn starfar eftir stefnu um Uppeldi til ábyrgðar og fara nýir kennara á námskeið að hausti vegna þessa.

Í febrúar verður fyrirlestur um geðheilbrigði og ánægju í starfi.

Teymi innan skólans

Í Vatnsendaskóla starfa nokkur teymi sem kennarar starfa í og hafa það hlutverk að efla, bæta og þróa skólastarfið.

Teymin sem starfa í vetur eru eftirfarandi:

- Námsmatsteymi
- Spjaldtölvuteymi
- Uppeldi til ábyrgðar teymi
- Umhverfis- og útikennsluteymi
- Unicef - Réttindaskólinn
- Jólasveinaleika- og þemateymi
- Vinaliðateymi
- Fullveldis-, öskudags og vordagateymi
- Sjálfsmatsteymi
- Öryggisteymi
- Ferðateymi

Áætlanir

Rýmingaráætlun er til í hverri kennslustofu.

Brunaæfingar eru haldnar tvisvar á ári og þá er húsið rýmt. Rýmingaráætlun er kynnt á kennarafundi að hausti og farið yfir hvernig henni verður hagað yfir veturinn.

Fyrri æfingin er að hausti og er auglýst því þá er verið að æfa nemendur í að fara í röð og fara á sinn stað úti. Þá er tekinn tími til að kanna hversu fljótir nemendur eru að tæma skólann. Seinni æfingin er eftir áramót og er sú æfing óundirbúin. Á næsta kennarafundi eftir æfingarnar er farið yfir það sem gekk vel og hvað betur mátti fara.

Rýmingaráætlun Vatnsendaskóla

Viðbragðsáætlun Vatnsendaskóla vegna inflúensufaraldurs

Vatnsendaskóli hefur sett sér viðbragðsáætlun um skipulag og stjórn aðgerða í skólanum í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu. Markmið áætlunarinnar miða að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans.

Eftirfarandi gildir almennt um inflúensufaraldur.

Helstu leiðir til að draga úr smiti:

- Veikist nemandi þannig að einkennin bendi til inflúensu, er honum ráðlagt að halda sig heima í tvo daga eftir að hann er orðinn hitalaus.
- Ekki er þörf á því að aðrir sem eru einkennalausir á heimili sjúklings haldi sig heima.
- Hreinlæti skiptir mestu máli í að draga úr smithættu. Þar ber fyrst að nefna handþvott og að fólk hafi á sér einnota pappírsþurrkur til að hnerra eða hósta í.
- Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra á www.influensa.is.

Viðbrögð við vá

Sjá meðfylgjandi skýrslur:

Viðbrögð við óveðri er að finna hér.

Viðbrögð við jarðskjálftum er að finna hér.

Viðbrögð við eldgosi er að finna hér.

Jafnréttisáætlun Vatnsendaskóla

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, stráka og stelpna

Markmið jafnréttisáætlunar grunnskólans er að gæta þess að jafnrétti ríki milli karla og kvenna sem og stráka og stelpna. Til grundvallar þarfagreiningar, mælanlegra aðgerðabundinna markmiða og þeirra leiða sem valið er að fara liggja lög nr. 10 frá 2008 ***Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.***

Launajafnrétti

Markmið: Stjórnendur, bæjaryfirvöld og starfsmenn munu í sameiningu vinna að jöfnum rétti kynjanna varðandi launakjör. Unnið skal að því að ekki sé um óútskýrðan launamuna að ræða milli kynjanna í skólanum.

Aðgerð/verkefni: Stjórnendur geri ekki upp á milli kynjanna þegar til greina kemur að ákvarða laun, hlunnindi og öll almenn kjör.

Ábyrgð: Skólastjóri

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Markmið: Þegar stöður innan skólans eru auglýstar skulu bæði kynin hvött til að sækja um laus störf. Komi tveir jafnhæfir umsækjendur til greina skal stefna að því að ráða einstakling af því kyni sem hallar á innan skólans, deildarinnar, kennslugreinarinnar eða stigsins sem um ræðir. Við sérstakar aðstæður, t.d. vegna kyns nemanda sem þarf stuðning eða sérstaka aðstoð, getur verið nauðsynlegt að auglýsa og ráða einstaklinga af ákveðnu kyni til starfa. Öllum starfsmönnum skólans skal standa til boða að sækja sér endurmenntun. Bæði kyn skulu hafa jafnan aðgang að fjölbreyttri endurmenntun.

Aðgerð/verkefni: Stjórnendur og bæjaryfirvöld munu sameinast um að gæta fyllsta jafnréttis við ráðningu í laus störf innan skólans. Skólastjóri hvetur starfsfólk sitt til að sækja sér endurmenntun.

Ábyrgð: Skólastjórnendur í samvinnu við skólamálayfirvöld.

Tímarammi: Við innra mat, ár hvert skal þess gætt að jafnréttis hafi verið gætt við ráðningar í laus störf.

Í starfsmannasamtölum að vori skal starfsmaður inntur eftir því hvaða endurmenntun hann óski eftir og símenntun rædd.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið: Skólastjórnendur stefna að því að koma til móts við þarfir stafsmanna varðandi fjölskyldulíf og gæta þess sérstaklega að sama gildi um karla jafnt sem konur. Tekið skal tillit til fjölskylduaðstæðna um leið og starfsmenn skuldbinda sig til að taka einnig tillit til þarfa atvinnulífsins að því marki að aldrei halli á starfsmanninn og fjölskyldu hans. Starfsmönnum skal gert auðvelt að koma til starfa að loknu fæðingar- og foreldraorlofi eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Stjórnandi vinnur náið með starfsmönnum að skipuleggja það leyfi sem þarf við þessar aðstæður.

Aðgerð/verkefni: Við innra mat, ár hvert skal þess gætt að tekið hafi verið tillit til þarfa starfsmanns með tilliti til samræmingar fjölskyldu og atvinnulífs. Í starfsmannakönnun að vori skal sérstaklega spyrja að þessu og komi óánægja starfsmanna í ljós skal skólastjóri í samvinnu við stjórnunarteymi kanna málið frekar og tafarlaust grípa til aðgerða til að sporna við árekstrum milli samræmingar fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku starfsmanns við skólann.

Ábyrgð:Skólastjóri í samvinnu við starfsmenn.

Tímarammi: Við innra mat, ár hvert skal þess gætt að sérstakt tillit sé tekið til fjölskyldulífs starfsmanna í skólanum.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Markmið: Hvorki kynbundin áreitni né kynferðisleg áreitni skal liðin í skólanum. Miða skal við orðskýringar úr jafnréttislögum

Aðgerð/verkefni: Fræðsla skal fara fram a.m.k. annað hvert ár varðandi kynbundna og kynferðislega áreitni þá jafnana samhliða vinnu að áhættumati og séu til þess nýttir vinnuumhverfisvísar Vinnueftirlitsins.

Ábyrgð: Skólastjóri, trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður.

Tímarammi: Ár hvert skal inna starfsmenn eftir upplifun sinni varðandi kynferðislega eða kynbundna áreitni í starfsmannakönnun sem er þáttur af innra mati skólans auk sérstakrar fræðslu sem fara skal fram eigi sjaldnar en annað hvert ár.

Menntun og skólastarf

Markmið: Hvorki starfsmönnum né nemendum skal mismunað eftir kyni í skólanum. Þess skal gætt við alla áætlanagerð og stefnumótun. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu-, og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Aðgerð/verkefni: Skólastjóri skal fela deildarstjórum að yfirfara kennsluáætlanir og skólanámskrá með það fyrir augum að kanna hvort jafnt tillit sé tekið til kynjanna innan skólans. Skólastjóri skal leitast við að öll stefnumótun sem þannig er úr garði gerð að hún miðist við kynjasamþættingu. Kannanir starfsmanna, nemenda og foreldra sem eru þáttur í innra mati skólans skulu inna viðkomandi aðila eftir því hvort jafnrétti kynjanna sé að jafnaði gætt innan skólans.

Ábyrgð: Skólastjóri

Tímarammi: Ár hvert við innra mat skal þess gætt að jafnrétti ríki innan skólans hvort heldur sem um starfsmenn og/eða nemendur er að ræða.

Bann við mismunun á grundvelli kyns

Markmið: Innan skólans eru kynin jafn rétthá. Skulu drengir jafnt sem stúlkur eiga rétt á allri þeirri þjónustu sem völ er á innan skólans óháð kyni sínu. Starfsfólki ber að virða alla nemendur óháð kyni og taka mið af því varðandi alla umgengni, nám, kennslu og skipulag starfshátta.

Aðgerð/verkefni: Við skipulag, alla áætlanagerð og daglegt samneyti skal þess gætt að einstaklingum sé gert jafn hátt undir höfði óháð kyni.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og skólamálayfirvöld.

Tímarammi: Við innra- og ytra mat, ár hvert skal þess sérstaklega gætt að jafnrétti ríki við alla ákvarðanatöku og skipulag sem og samskipti innan skólans.

Allir einstaklingar óháð kyni eigi að hafa jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína

Eineltisáætlun

Starfsfólk Vatnsendaskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verði liðið í skólanum og unnið verði að því að starfsmenn, nemendur og foreldrar geri sér grein fyrir hvað einelti er. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og brugðist verður við þeim málum sem upp kunna að koma án tafar og í góðri samvinnu. Frá skólabyrjun verði nemendum markvisst kennd góð samskipti. Nemendur skulu hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Gera skal nemendum grein fyrir því að það að skilja útundan og virða aðra ekki viðlits er jafnmikið einelti og að hæðast að eða berja. Þannig verður stuðlað að vellíðan allra í sameiginlegu átaki. Vatnsendaskóli skal vera öruggur og góður vinnustaður, þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju fyrir öllum.

Eineltisáætlun Vatnsendaskóla er að finna á heimasíðu skólans.

Áfallaáætlun

Eftirfarandi er áfallaáætlun Vatnsendaskóla, í henni má finna upplýsingar um meðlimi áfallráðs og hlutverk þess, einnig eru settar fram skilgreiningar á áföllum ásamt verkferlum til viðmiðunar ef áföll verða. Áfallaáætlun Vatnsendaskóla var síðast endurskoðuð í ágúst 2019.

Í áfallaráði er hópur af starfsfólki skólans sem er ávallt í viðbragðsstöðu ef upp kemur áfall í skólanum. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun Vatnsendaskóla þar sem fjallað er um vinnuferli til að styðjast við þegar áföll verða.

Í áfallaráði skólaárið 2020 - 2021 sitja:

- María Jónsdóttir , skólastjóri
- Ingunn Huld Kristófersdóttir, aðstoðarskólastjóri
- Jóhanna Rakel Sveinbjörnsdóttir, deildarstjóri eldra stigs (7.-10.bekk)
- Sigrún Brynjólfsdóttir, deildarstjóri yngra stigs (1.-6.bekkur)
- Guðrún Svava Þrastardóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Auður Sveinbjörg Jóhannsdóttir, hjúkrunarfræðingur
- Aníta Björk Helgadóttir, sérkennari

Áfallaráð sér um að nemendur og starfsfólk fái viðeigandi þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli.

Ef áfall verður í Vatnsendaskóla skal áfallaráð koma saman eins fljótt og auðið er og ákveða skipulag næstu klukkustunda og næstu daga. Ef um nemanda er að ræða skal umsjónarkennari látinn vita strax um atburðinn.

Áfallaráð skal funda að hausti til að fara yfir stöðu mála hvort breytingar hafi orðið á aðstæðum nemenda, starfsfólks eða aðstandenda.

Hlutverk áfallaráðs er fyrst og fremst að greina niður hvaða aðstæður gætu skapast hverju sinni. Einnig þarf að finna tiltekna einstaklinga til að taka að sér ýmis verkefni sem þeir sjá um eins og:

- hver aflar upplýsingar varðandi atburðinn
- hver hefur samband við aðstandendur
- hver er talsmaður skólans gagnvart utanaðkomandi einstaklingum
- hver sér um að koma upplýsingum til réttra einstaklinga
- hver sér um að hafa samband við samstarfsfólk utan skólans s.s. prest, lækni, lögreglu.

Lykilatriði er að í hverju tilviki sé mótuð skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Sjá nánar á heimasíðu skólans.

Skólaakstur og skólamáltíðir

Skólaakstur

Nemendum er ekið í sund í Versali og Boðaþing.

Akstur – Vatnsendaskóli 2021-2022

Mánudagur Boðaþing	Þriðjudagur Boðaþing	Miðvikudagur Sund - Salalaug	Fimmtudagur Sund - Salalaug	Föstudagur
Rúta frá skóla 8:15 3. bekkur 8:25-9:05 Rúta frá Boðaþingi 9:20 Ernir verður í Boðaþingi Fjöldi: 10	Rúta frá skóla 8:15 4. bekkur 8:25-9:05 Rúta frá Boðaþingi 9:20 Ernir Fjöldi: 11	Rúta frá skóla 8:15 2.bekkur 08:30-09:10 Rúta frá Salalaug 9:25 Snjezana Fjöldi: 22	Rúta frá skóla 8:15 7. bekkur 8:30-9:10 Rúta frá Salalaug 9:30 Fjöldi: 33	
Rúta frá skóla 08:55 3. bekkur 09:05-09:45 Rúta frá Boðaþingi 10:00 Hanan Fjöldi: 9	Rúta frá skóla 08:55 4. bekkur 09:05-09:45 Rúta frá Boðaþingi 10:00 Hanan Fjöldi: 11	Rúta frá skóla 08:55 2. bekkur 9:10-9:50 Rúta frá Salalaug 10:05 Ernir Fjöldi: 23	Rúta frá skóla 08:55 5. bekkur 09:10-09:50 Rúta frá Salalaug 10:10 Fjöldi: 23	
Rúta frá skóla 09:55 3. bekkur 10:05-10:45 Rúta frá Boðaþingi 11:00 Linda Fjöldi: 9	Rúta frá skóla 9:55 4. bekkur 10:05-10:45 Rúta frá Boðaþingi 11:00 Linda Fjöldi: 11	Rúta frá skóla 09:55 1. bekkur 10:10-10:50 Rúta frá Salalaug 11:10 Hanan Fjöldi: 23	Rúta frá skóla 09:55 5. bekkur 10:10-10:50 Rúta frá Salalaug 11:10 Fjöldi: 21	
Rúta frá skóla 10:40 3. bekkur 10:50-11:30 Rúta frá Boðaþingi 11:45 Linda til baka 11:00 Fjöldi:10	Rúta frá skóla 10:40 Sérkennsla 10:50-11:30 Rúta frá Boðaþingi 11:45 Fjöldi: 5-6	Rúta frá skóla 10:40 1. bekkur 10:55-11:35 Rúta frá Salalaug 11:55 Linda Fjöldi: 22	Rúta frá skóla 10:40 5. bekkur 10:55-11:35 Rúta frá Salalaug 11:55 Fjöldi: 22	
Rúta frá skóla 11:55 3. bekkur 12:05-12:45 Rúta frá Boðaþingi 13:00 Ernir kemur með hóp 11:45 Fer með hóp 11:55 og bíður Fjöldi:10			Rúta frá skóla 11:20 6.bekkur 11:35-12:15 Rúta frá Salalaug 12:35 Fjöldi:30	
		Rúta frá skóla 12:55 8. bekkur 13:10-13:50 Rúta frá Salalaug 14:10 Fjöldi: 33	Rúta frá skóla 12:00 6. bekkur 12:20-13:00 Rúta frá Salalaug 13:20 Fjöldi: 29	Rúta frá skóla 14:00 9.-10.bekkur 14:15-14:55 Rúta frá Salalaug 15:15 Fjöldi:11

Mötuneyti

Hádegismatur er eldaður í eldhúsi skólans. Matreiðslumeistari skólans sér um að útbúa matseðill sem tekur mið af leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar um hollustu og næringu. Nemendur með fæðuóþol eða fæðuofnæmi fá aðlagaðan matseðil og þurfa foreldrar/forráðamenn að skila inn læknisvottorði vegna þessa. Foreldrar/forráðamenn skrá börn sín í hádegismat í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Hádegismatur er greiddur fyrirfram og er innheimtur um hver mánaðarmót. Kópavogsbær sér um innheimtuna í gegnum heimabanka. Ef segja á upp áskrift í mötuneyti fer hún fram í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Uppsögn þarf að berast fyrir 20. hvers mánaðar.

Fulltrúar skólaráðs Vatnsendaskóla samþykktu starfsáætlun á rafrænum fundi 5. október 2021.

María Jónsdóttir, skólastjóri

Álfrún Ýr Björnsdóttir, fulltrúi kennara

Alfreð Gústaf Maríusson, fulltrúi almennra starfsmanna

Stefán Guðmundsson, fulltrúi nemenda

Sunna Sól Pálsdóttir, fulltrúi nemenda

Jóna Margrét Harðardóttir, fulltrúi foreldra

Þórey Huld Jónsdóttir, fulltrúi foreldra

Þorvar Hafsteinsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins